Rit LbhÍ nr. 58

Garð- og landslagsrunnar
Lýsing á 19 íslenskum yrkjum

Hjörtur Þorbjörnsson
Ólafur Sturla Njálsson
Steinunn Garðarsdóttir
Samson Bjarnar Harðarson ritstjóri

2015

Rit LbhÍ nr. 58 ISSN 1670-5785

Garð- og landslagsrunnar
Lýsing á 19 íslenskum yrkjum

Hjörtur Þorbjörnsson
Ólafur Sturla Njálsson
Steinunn Garðarsdóttir
Samson Bjarnar Harðarson ritstjóri

Júní 2015

Landbúnaðarháskóli Íslands, umhverfisdeild

Formáli

Rit þetta er hluti af Yndisgróðurverkefni Landbúnaðarháskóla Íslands (http://yndisgrodur.lbhi.is). Markmið ritsins er að taka saman upplýsingar um þekkta garð- og landslagsrunna sem reynst hafa vel á Íslandi og gera ítarlega og kerfisbundna lýsingu á þeim.

Á vegum Yndisgróðurs er starfandi svokölluð yrkisnefnd sem sér um að skilgreina og fjalla um íslensk yrki garð- og landslagsplantna. Hún fékk það hlutverk að velja 19 yrki útbreiddra og mikilvægra runna, sem eru vel þekktir í garðrækt á Íslandi en hefur ekki verið lýst í rituðu máli áður. Yrkisnefnd lagði til hvaða yrkjum skyldi lýst og mótaði með hvaða hætti ætti að gera og birta yrkislýsingarnar.

Ýmsir aðilar, bæði áhugamenn og fagmenn, hafa unnið að því að skilgreina og lýsa notagildi og harðgeri yrkja og tegunda til að upplýsa notendur og auðvelda þeim val á réttum plöntu-tegundum. Tegundum hefur verið lýst í handbókum eins og bók Ásgeirs Svanbergssonar (1989) um tré og runna og Skrúðgarðabók Garðyrkjufélagsins sem Óli Valur Hansson (1976) ritstýrði en einstakar yrkislýsingar er helst að finna í greinum í Garðyrkjuritinu eða Skógræktarritinu og í kennsluriti Ólafs Sturlu Njálssonar (2005) um tré og runna. Lýsingar á einstökum yrkjum hér á landi hafa þó ekki verið gerðar á kerfisbundinn hátt áður og verða hér birtar niðurstöður úttekta og rannsókna yrkisnefndar á þeim yrkjum sem urðu fyrir valinu að þessu sinni.

Upplýsingar um uppruna og notkun plantna á Íslandi eru ekki alltaf mjög aðgengilegar og prófanir á plöntum eru mislangt á veg komnar. Í klónasöfnum og yndisgörðum Yndisgróðurs hefur verið safnað saman garð- og landslagsplöntum sem hafa verið í ræktun hér á landi. Klónasöfnin veita tækifæri til rannsókna og gera okkur kleift að koma saman yfirliti eins og hér birtist fyrir plöntur sem þrífast við íslenskar aðstæður. Þetta er ekki aðeins gagnlegt við val á plöntutegundum heldur nauðsynlegur bakgrunnur til að viðhalda og vernda efnivið sem hefur valist til ræktunar á Íslandi í áranna rás. Leitast var við að draga saman upplýsingar um uppruna og notkun plantnanna og birta á samræmdan hátt með ítarlegum yrkislýsingum.

Hjörtur Þorbjörnsson og Ólafur Sturla Njálsson sáu um gerð yrkislýsinga en auk þeirra eiga sæti í yrkisnefnd Samson Bjarnar Harðarson, Guðmundur Vernharðsson, Steinar Björgvinsson og Þorsteinn Magni Björnsson. Samson er verkefnisstjóri Yndisgróðurs og hafði yfirumsjón með verkefninu. Steinunn Garðarsdóttir, starfsmaður Yndisgróðurs sá um að samræma lýsingarnar og setja saman þetta rit, skrifaði inngangskafla og lokaorð. Þórdís Anna Kristjánsdóttir hjá Landbúnaðarháskólanum las yfir og kunnum við öllum sem komu að verkinu bestu þakkir.

Samson Bjarnar Harðarson og Steinunn Garðarsdóttir

Abstract in English

This paper is written as a part of the project Yndisgróður, hosted by the Agricultural University of Iceland (http://yndisgrodur.lbhi.is/). Information was collected about known garden and landscape plants, hardy in Iceland. The aim was to describe defined cultivars of important species in order to form a basis for elite plant research. A detailed, systematic description was made for twenty well known and widespread hardy shrubs in Iceland.

Most species and cultivars used in Iceland are the result of a long experience and selection of plants of native and foreign origin that have proved to be well adapted to the harsh Icelandic climate. But now imported cultivars, often badly adapted to Icelandic climate, are pushing old and well adapted cultivars and provenances from the market due to EU regulations. It has been considered an urgent task to identify and select the material which has demonstrated its suitability in Iceland. A collection of over 500 cultivars in 6 demonstration gardens are the results of the Yndisgróður project so far. Currently, no detailed description of these plants and their origin is available. This project will not only result in benefits for consumers and nursery growers but also form an essential foundation in preserving and maintaining the important green mass introduced to Iceland and adapted to the Icelandic conditions over time.

Efnisyfirlit

Formáli 3
Abstract in English 4
Efnisyfirlit 5
Inngangur 6
Efni og aðferðir 9
Hugtakalisti og skammstafanir 12
Berberis thunbergii DC. 'Laugardalur' 13
Berberis vernae C.K.Schneid 'Kristinn' 15
Cornus sericea L. 'Roði' 17
Lonicera caerulea L. 'Bergur' 19
Lonicera caerulea L. 'Þokki' 21
Lonicera deflexicalyx Batalin 'Kristmann' 23
Philadelphus coronarius L. 'Þórunn hyrna' 25
Ribes bracteosum Douglas 'Perla' 27
Ribes glandulosum Grauer 'Alaska' 29
Ribes laxiflorum Pursh 'Pón' 31
Ribes laxiflorum Pursh 'Rökkva' 33
Rosa 'Skotta' [Rugosa] 35
Salix myrsinites L. 'Vala' 37
Salix 'Grásteinar' 39
Spiraea 'Máni' 41
Spiraea betulifolia L. 'Ísland' 43
Spiraea japonica L. 'Oddi' 45
Symphoricarpos albus (L.) S.F.Blake 'Svanhvít' 47
Syringa 'Villa Nova' 49
Lokaorð 51
Heimildir 52

Inngangur

Að undanförnu hefur orðið vakning á nytjamöguleikum garð- og landslagsplantna. Vitund og þörf almennings og opinberra aðila á trjám og runnum hefur aukist og kallar það á úttektir og rannsóknir á reynslu og framleiðslumöguleikum þeirra. Til að árangur náist í ræktun eru upplýsingar um harðgeri og þrif tegunda lykilatriði. Aðstæður til ræktunar á Íslandi eru töluvert frábrugðnar aðstæðum í nágrannalöndunum og skiptir þar mestu óstöðugt veðurfar, styttri sumur og lægri sumarhiti. Aðstæður eru jafnframt ekki þær sömu um allt land. Á Norðurlandi eru vetur harðari og sumur styttri en fyrir sunnan, þar sem tíðarfar er hins vegar ekki eins stöðugt. Íslenskir garðplöntuframleiðendur hafa því með áratuga reynslu valið, þróað og framleitt harðger yrki sem þrífast við þær erfiðu aðstæður sem íslensk náttúra býður upp á. Sívaxandi samkeppni við innfluttar garð- og landslagsplöntur auka hættu á því að þessi gamalreyndu og harðgeru íslensku yrki hverfi af markaði og jafnvel glatist. Því er nauðsynlegt að skilgreina hver þessi yrki eru, meta notkunar- og varðveislugildi þeirra og markaðssetja sum þeirra sérstaklega.

Verkefninu Yndisgróðri, á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands, var komið af stað árið 2008 til að tryggja að þau plöntuyrki sem hafa valist til ræktunar hér á landi varðveittust og að þau bestu héldust í ræktun og framleiðslu. Verkefnið er í samstarfi við Félag garðplöntuframleiðenda, Rannsóknarstöð Skógræktar á Mógilsá og Reykjavíkurborg. Í stýrihópi Yndisgróðurs eiga sæti fulltrúar allra samstarfsaðilanna. Garðplöntustöðvar í félagi garðplöntuframleiðenda og Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hafa útvegað plöntur fyrir Yndisgróður. Jafnframt er unnið með sveitarfélögunum Blönduósi, Kópavogsbæ og Sandgerðisbæ en þar hefur verið komið upp yndisgörðum með safni af yrkjum og kvæmum sem lengi hafa verið í ræktun hér á landi. Fyrst um sinn var þeim safnað í yndisgarð við Landbúnaðarháskóla Íslands á Reykjum en nú hafa bæst við fimm garðar: á Blönduósi, í Sandgerði, í Fossvogi, í Laugardal og á Hvanneyri. Í görðunum er að finna yfir 500 yrki af um 150 tegundum trjáa og runna sem hafa reynst vel við íslenskar aðstæður. Sérhannaður gagnagrunnur heldur utan um þessar plöntur ásamt upplýsingum um harðgeri, ræktunar- og notkunarmöguleika, uppruna og staðsetningu í plöntusöfnum. Listi yfir plöntur sem hafa reynst vel í ræktun á Íslandi og uppfylla kröfur um harðgeri, nytsemi og verðmæti hefur verið gefinn út á heimasíðu Yndisgróðurs (http://k-sql.lbhi.is/yg/) og nokkrar rannsóknarskýrslur hafa verið birtar á síðunni (http://yndisgrodur.lbhi.is/pages/1340).

Meginmarkmið Yndisgróðurs er að finna bestu og hentugustu garð- og landslagsplöntur sem völ er á fyrir íslenskar aðstæður og miðla upplýsingum um þær. Verkefnið hefur einnig fimm undirmarkmið: (1) að flokka mikilvægar tegundir út frá notagildi og þar með afmarka þann efnivið sem vinna skal með, (2) að skilgreina og skrásetja yrki og kvæmi valinna tegunda sem ræktaðar eru með góðum árangri hérlendis og lýsa mikilvægum eiginleikum, (3) að safna helstu yrkjum og kvæmum trjáa og runna í klónasafn á Reykjum til varðveislu og síðari rannsókna, (4) að gera rannsóknir á skilgreindum yrkjum mikilvægra tegunda og leggja grunn að úrvalsplöntu-rannsóknum, (5) að koma á tengslum milli rannsóknaraðila, hagsmunaaðila og almennings, sjá til þess að upplýsingar séu aðgengilegar og stuðla að því að yrki sem eru þaulreynd við íslenskar aðstæður standi kaupendum til boða á íslenskum garðplöntumarkaði. Vonir standa til að

verkefnið skili sér í betra plöntuvali í framleiðslu og sölu á Íslandi og þar með minni umhirðukostnaði kaupenda og betri árangri í ræktun.

Fjölmargar plöntur sem hafa verið í ræktun á Íslandi eru vel þekktar, útbreiddar og seldar sem sérstök yrki þrátt fyrir að hafa ekki fengið formlega viðurkenningu sem slík. Samkvæmt alþjóðlegum nafngiftareglum (ICNCP) alþjóðafélags garðyrkjuvísinda (ISHS) þarf að birta yrkisnafn ásamt lýsingu á greiningareinkennum í viðurkenndu riti til að fá alþjóðlega viðurkenningu á yrki sem hefur verið ræktað vegna sérstakra eiginleika sinna (ISHS, 2009, Art. 9.1). Til þess þarf að safna samræmdum lýsingum á yrkinu ásamt áreiðanlegum upplýsingum um uppruna þeirra. Út frá þessu væri hægt að leggja drög að því að flokka ákveðnar, vel skilgreindar plöntur sem úrvalsplöntur. Taka þarf mið af notkunargildi, harðgeri og fegurðargildi. Forsenda þess að planta komist í hóp úrvalsplantna er að yrkin séu vel skilgreind. Í því felst meðal annars að safna upplýsingum um yrki og birta samræmdar yrkislýsingar á viðurkenndum miðli. Er í þessu riti leitast við að móta ramma um slíkar lýsingar og fagaðilar fengnir til að rannsaka ræktunareiginleika og búa til samræmdar lýsingar á greiningareinkennum valdra íslenskra tegunda og yrkja út frá því.

Söfnun upplýsinga um uppruna og nákvæmar lýsingar sem byggja á kerfisbundnum athugunum á viðkomandi klónum hafa ekki verið unnar áður og því hefur vantað markvissar eða samræmdar yrkislýsingar fyrir yrki sem valin hafa verið til ræktunar á Íslandi. Einstökum yrkjum hefur þó verið lýst af fræðimönnum, áhugafólki eða fagaðilum. Má þar nefna greinar eftir ýmsa aðila í Garðyrkjuritinu og kennslurit um tré og runna þar sem Ólafur Sturla Njálsson (2005) telur upp ræktunarafbrigði og lýsir yrkjum stuttlega. Á vegum Yndisgróðurs hefur verið fjallað um þau fjölmörgu yrki sem hefur verið safnað í yndisgarða ásamt því að unnar hafa verið ítarlegar greinar um japanskvisti og víðitegundir af íslenskum uppruna. Í samstarfi við Rósaklúbb Garðyrkjufélags Íslands var útbúinn listi ásamt lýsingum á rósum sem henta vel íslenskum aðstæðum (yndisgrodur.lbhi.is). Á árunum 1987 til 1996 voru gerðar umfangsmiklar úrvalsrannsóknir á plöntum sem safnað var í Alaskaleiðangri Óla Vals Hanssonar 1985. Miklar úttektir voru gerðar og samanburðarrannsóknir milli klóna voru viðamiklar. Í verkefninu voru álitlegustu yrkin valin sem sýndu hvað bestan árangur hvað varðar útlit, harðgeri og því hve auðveldir þeir eru í framleiðslu. Um þetta verkefni er fjallað í Skógræktarritinu 1999 þar sem Ólafur Sturla Njálsson lýsir 36 víðiklónum og 12 skrautrunnum sem valdir voru úr þeim mikla efniviði sem safnað var í leiðangrinum.

Prófanir á plöntunum eru jafnframt mislangt á veg komnar. Í skógrækt hafa rannsóknir á kvæmum og klónum verið stundaðar um langt skeið. Dæmi um það eru nýlegar landsúttektir á skógræktarskilyrðum í ritum Mógilsár (Stefán Freyr Einarsson og Arnór Snorrason, 2002; Arnór Snorrason o.fl., 2001 og Stefán Freyr Einarsson, Lárus Heiðarsson og Arnór Snorrason, 2002) sem eru byggðar á landsúttekt Hauks Ragnarssonar (1977). Aðstæður og kröfur í skógrækt geta þó verið mjög ólíkar þeim sem henta fyrir garðplöntur og hefur Yndisgróður, í samvinnu við Skógrækt ríkisins á Mógilsá unnið að nýju korti sem sýnir skilyrði fyrir garðplöntur (mynd 1). Þar er landinu skipt upp í flokka A, B, C og D. Plöntur falla í einn eða fleiri flokka eftir því hvar þær geta þrifist. Svæði A er mildast, með lengsta vaxtartíma og hæsta meðalhita, en svæði D kaldast og með stysta vaxtartíma. Svæði D sýnir efstu mörk trjágróðurs og er miðað við

hitameðaltal 6,8°C í júní til ágúst á árunum 1961-1990. Kortið er aðgengilegt á heimasíðu Yndisgróðurs (http://yndisgrodur.lbhi.is/pages/1354).



Mynd 1. Ræktunarkort unnið af Yndisgróðri og Skógrækt ríkisins á Mógilsá árið 2008 sem sýnir ræktunarsvæði fyrir garð- og landslagsplöntur eftir flokkum A, B, C og D.

Hér er unnið að því að búa til staðlað kerfi og samræma lýsingar á yrkjum garðplantna sem hafa lengi verið í ræktun og sölu hér á landi með góðum árangri. Yrkislýsingar fyrir þau nítján yrki sem að þessu sinni voru valin af yrkisnefnd verða birtar í þessu riti. Þær voru unnar með því að leita uppi heimildir og vitneskju um uppruna klónanna og gera grein fyrir helstu útlitseinkennum sem lýsa tegundinni og geta nýst við að greina klóninn frá öðrum klónum. Markmiðið er að skilgreina uppruna og samræma lýsingar á gamalgrónum íslenskum yrkjum svo þau hafi möguleika á að verða íslenskar úrvalsplöntur. Sjúkdómar og önnur óværa sem rýra gildi plantna geta alltaf komið upp og því ekki útséð um það að yrkin sem urðu fyrir valinu hér verði alltaf mikilvæg í ræktun og framleiðslu. Með öðrum orðum er ekki sjálfgefið að planta sem er lýst af yrkisnefndinni verði að lokum valin sem úrvalsplanta. Með þessu riti og heimasíðu yndisgróðurverkefnisins (http://yndisgrodur.lbhi.is) er stuðlað að því að upplýsingar um mikilvægar plöntur sem eru í ræktun hér á landi séu aðgengilegar og byggðar á traustri upplýsingaöflun og rannsóknum. Leitast er við að viðurkenna nokkur íslensk yrki sem hafa reynst vel við íslenskar aðstæður og skapa möguleika á að fá yrkisnöfnin samþykkt af alþjóðafélagi garðyrkjuvísinda (ISHS).

Efni og aðferðir

Á vegum Yndisgróðurs er starfandi yrkisnefnd sem sér um að móta viðurkenningarferli fyrir yrki og velja og skilgreina þau yrki sem unnið er með. Nefndin valdi 19 yrki sem hafa skilað góðum árangri við íslenskar aðstæður og verður fjallað um þau hér. Við valið var haft til hliðsjónar að tegundirnar væru vel þekktar og útbreiddar á Íslandi. Lýsingarnar voru gerðar af Hirti Þorbjörnssyni, grasafræðingi hjá Grasagarði Reykjavíkur, og Ólafi Sturlu Njálssyni, garðplöntusérfræðingi Garðplöntustöðinni Nátthaga. Samson Bjarnar Harðarson, verkefnisstjóri Yndisgróðurs, skráði reynslu í yndisgörðum og upplýsingar um notagildi ásamt Ólafi Sturlu Njálssyni.

Til að ákvarða hvaða ættkvíslir eða hópa runna og trjáa ætti að vinna með í Yndisgróðri var unnið eftir kerfi sem starfsmenn Yndisgróðurs mótuðu í heimsókn sinni í landbúnaðarrannsóknarstöð í Finnlandi. Kerfið hlaut nafnið Ratansú módelið eftir gististað þeirra þar ytra. Ratansú módelið byggir á því að plöntur fari í gegnum ákveðnar síur, eftir því hvert notagildi þeirra er og hversu vel skilgreindar þær eru (mynd 2).



Mynd 2. Ratansú módelið var gert með það í huga að skilgreina þann plöntuefnivið sem unnið er með á vegum Yndisgróðurs. Kerfið byggir á því að áhugaverðar plöntur verði flokkaðar eftir því hversu vel skilgreindar þær eru. Plöntur þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði til að komast í gegnum síu fyrir hvern flokk.

Samkvæmt skilgreiningu Ratansú módelsins er 0-flokkur efstur og stærstur, það eru allar plöntur sem eru í ræktun en hafa óljóst hlutverk með tilliti til harðgeris, notkunar- eða fegurðargildis, ásamt plöntum sem lítil eða engin reynsla er af í ræktun, til að mynda nýinnflutt erlend yrki. Plöntur sem hafa skilgreint hlutverk en takmarkaða reynslu í ræktun með tilliti til harðgeris komast í gegnum D-síuna. D-plöntur hafa til dæmis skilgreinda notkunareiginleika eða fegurðargildi við uppbyggingu grænna svæða. Plöntur sem hafa að auki víðtæka ræktunarreynslu geta flokkast sem harðgerar og eru auk þess auðveldar í framleiðslu flokkast sem C- plöntur og B1-plöntur hafa að auki þekkt yrkis- eða kvæmaheiti. B-plöntur teljast mikilvægar sem íslenskar garð- og landslagsplöntur og komast því á meðmælalista Yndisgróðurs. Til að planta komist í gegnum næstu síu úr flokki B1 í flokk B2 þarf hún að vera formlega samþykkt af yrkisnefnd Yndisgróðurs og skilgreind sem sérstakt yrki. Flokkur A er fyrir úrvalsplöntur. Víðtækar rannsóknir þurfa að liggja til grundvallar á úrvalsplöntum og þær þurfa að vera hreinsaðar af öllum helstu vírusum sem kunna að hrjá þær. Þetta liggur enn sem komið er utan verksviðs Yndisgróðurs vegna kostnaðar og aðstöðuleysis.

Við val á þeim 19 yrkjum sem hér er lýst var horft til þess að koma vel þekktum og mikilvægum yrkjum sem eru í framleiðslu á Íslandi úr flokkum C og B1 upp í flokk B2 samkvæmt Ratansú módelinu (mynd 2). Til að yrki geti talist til B2-flokks Ratansú þarf yrkið að vera mikilvægt fyrir íslenska garða, vera í framleiðslu og sölu, henta vel íslenskum aðstæðum, vera vel skilgreint í rituðum heimildum og bera yrkisheiti. Þau 19 yrki sem voru valin uppfylltu öll skilyrði C-plantna og rúmlega helmingur yrkja var í flokki B1. Markmiðið var að koma mikilvægum yrkjum, sem eru algeng í ræktun og sölu á Íslandi, auk nokkurra yrkja sem þóttu lofandi, upp um flokka og skapa þannig möguleika á að mæla með þeim sem úrvalsplöntum að undangengnum frekari úttekt á þrifum og harðgeri.

Uppruni yrkjanna sem unnið er með er ekki alltaf ljós en oft er hægt að rekja hann til Grasagarðs Reykjavíkur, Lystigarðs Akureyrar frá tímum Jóns Rögnvaldssonar eða í Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar. Sum yrkin hefur Ólafur Sturla Njálsson safnað og/eða prófað í tilraunareitum á Reykjum. Við þetta bættust yrki sem voru valin út frá niðurstöðum verkefnis sem Ólafur Sturla Njálsson (1999) vann á árunum 1987-1996 á efniviði sem Óli Valur Hansson og félagar söfnuðu í Alaska 1985. Öll yrkin er að finna í þremur eintökum í klónasafni Yndisgróðurs á Reykjum nema víðirinn 'Grásteinar' sem er í yndisgarðinum í Sandgerði og rósin 'Skotta' sem er í yndisgarðinum í Laugardal.

Undirbúningur að yrkislýsingunum hófst í febrúar 2009 en þá var unnið að því að útbúa samræmda forskrift þannig að þær yrðu markvissar og kerfisbundnar. Kortlagning og lýsing á norskum plöntum (Vike, 2006) var höfð til hliðsjónar. Til að lýsingarnar komi til með að nýtast sem víðast var ákveðið var að hafa þær ítarlegri og því farið eftir leiðbeiningum um yrkislýsingar í norsku leiðbeinandi hefti um landslagsplöntur (Hansen, 2008).

Uppruna og almennra upplýsinga um runnana var leitað í bæði munnlegum og skriflegum heimildum. Stuðst var við innlend rit (t.d. Garðyrkjuritið), erlendar handbækur (t.d. Bean, 1989; Krüssmann, 1976-1978 og 1986; Rehder, 1940; Viereck og Little, 2007), gagnagrunn Grasagarðs Reykjavíkur, spjaldskrá Ræktunarstöðvar Reykjavíkurborgar og erlenda vefi eins og World

Checklist of Selected Plant Families (theplantlist.org). Flest yrkin sem unnið var með hafa rótgróin yrkisnöfn. Reynt var eftir fremsta megni að nota áður birt yrkisnöfn en fyrir sum yrki þurfti að finna nöfn eða fastsetja þau heiti sem yrkin hafa verið seld undir.

Útlitseinkennum yrkja, eins og lengd og breidd laufblaða og útliti árssprota, var lýst og fylgst með kali út frá athugunum allan ársins hring á meðan á verkefninu stóð, eða frá vori 2010 og fram í mars 2012. Megináherslan var á að lýsa útlitseinkennum sem aðgreina yrkin. Plönturnar voru fyrst og fremst skoðaðar í yndisgarðinum á Reykjum en einnig öðrum yndisgörðum, á upprunastað þeirra ef hann var þekktur, í Grasagarði Reykjavíkur, hjá garðplöntuframleiðendum og annars staðar þar sem aðgengi var að viðkomandi yrkjum. Athuganir voru ávallt bornar saman við plöntur í klónasafni yndisgarða (í flestum tilfellum á Reykjum) og litið svo á að þar væri að finna viðmiðunareintök. Sýni voru tekin af allmörgum plöntum og þurrkuð sem vinnueintök en ekki flokkuð eða varðveitt á markvissan hátt. Þessar athuganir voru bornar saman við heimildir ásamt því að rekja upplýsingar um uppruna og notkun yrkjanna. Við lýsingar á plöntunum var ekki gengið út frá því að um hreina tegund væri að ræða.

Hugtakalisti og skammstafanir

Garð- og landslagsplöntur *(e. garden- and landscape plants)*: Planta sem hefur skilgreint notkunarhlutverk og hefur verið ræktuð með ákveðinn tilgang í huga.

Harðgeri og þol *(e. hardiness)*: eiginleikar plöntu til að lifa við erfiðar aðstæður t.d. við erfiðar veðurfarsaðstæður, vind eða frost, í skugga, þurrk eða borgarumhverfi.

ICNCP (International Code of Nomenclature for Cultivated Plants): Alþjóðlegar nafnareglur fyrir ræktaðar plöntur gefnar út af ISHS.

ISHS (International Society for Horticultural Science): Alþjóðafélagi garðyrkjuvísinda, sem meðal annars gefur út rit um nafnreglur fyrir ræktaðar plöntur (ISHS, 2009).

Klónn (*e. clone*): tvær eða fleiri ræktaðar plöntur sem hafa verið ræktaðar upp af einni plöntu og hafa sömu genasamsetningu þ.e. eru erfðarfræðilega eins.

Kvæmi (*e. provenance*): Hópur plantna af sömu tegund sem kemur frá afmörkuðu landsvæði, t.d. birki úr Bæjarstað.

Notkunarflokkar: plöntur falla í mismunandi notkunarflokka (sama planta getur verið í fleiri en einum flokki) eftir vaxtarstað og því hvaða tilgang þær hafa. Dæmi um notkunarflokka eru einkagarðar, opin græn svæði, botnþekjandi runnar, limgerði, plöntuker, stakstætt, þyrping, kantplöntur, klifurplöntur, skjólbelti, aldin- eða berjarunnar.

Ræktunarsvæði (harðgeri og vaxtarsvæði) *(e. hardiness zone)*: landinu hefur verið skipt upp í flokka A, B, C, D eftir veðurfarskilyrðum og eru plöntur flokkaðar eftir því á hvaða landshlutum þær geta þrifist.

Tegund *(e. species)*: hópur sambærilegra plantna sem hægt er að fjölga innbyrðis. Yfirflokkur í nafnakerfinu.

Úrvalsplanta *(e. elite plant)*: plöntur sem uppfylla ákveðin skilyrði fyrir tilteknar aðstæður og hafa reynst vel í ræktun, framleiðslu og sölu. Þær hafa jafnframt verið hreinsaðar af vírussjúkdómum. Ákveðnar reglur gilda um hvaða plöntur komast í hóp úrvalsplantna.

YG númer: ræktunarnúmer Yndisgróðurs, vísar í gagnagrunn þar sem upplýsingar um yrkin eru skráð.

Yrki *(e. cultivar)*: planta eða plöntuhópur sem hefur verið valinn til ræktunar vegna ákveðinna eiginleika. Þessir eiginleikar þurfa að vera afgerandi, samræmdir og stöðugir og halda sér við fjölgun með viðurkenndum ræktunaraðferðum.

Yrkisnöfn (*e. cultivar name*): lúta alþjóðlegum reglum ISHS (International Society for Horticultural Science) og eru samkvæmt venju rituð með einföldum gæsalöppum og hástaf. Hægt er að lesa um þær reglur í riti ISHS (2009).

Berberis thunbergii DC. 'Laugardalur'

Sólbroddur 'Laugardalur'

Uppruni: Árið 1964 fékk Grasagarður Reykjavíkur fræ undir heitinu *Berberis* × *ottawensis* 'Golden Ring'. Fræsendingin kom frá grasagarði háskólans í Wageningen og fengust tvær plöntur upp af fræinu. Önnur er sú sem þekkist undir heitinu Laugardalur og var hún gróðursett í beð í Grasagarðinum 1970 (Grasagarður Reykjavíkur). Sama ár fór hin sáðplantan í garð Sigurðar Alberts Jónssonar, þáverandi forstöðumanns Grasagarðs Reykjavíkur, að Fremristekk 8. Kallaði Sigurður hana 'Sunný' (Sigurður A. Jónsson, samtal 19.10.2012). 'Sunný' er mjög lík yrkinu 'Laugardalur' nema að hún virðist fá daufari haustliti.

Allt bendir til þess að að yrkið 'Laugardalur' sé af tegundinni *B. thunbergii* en ekki tegundablendingnum *B.* × *ottawensis* eins og oft hefur verið haldið fram. Fræmóðirin 'Golden Ring' er úrval garðyrkjustöðvarinnar Lombarts í Zundert úr *B. thunbergii* f. *atropurpurea* (Krüssmann, 1986) en á ekki uppruna sinn í tegundablöndun *B. thunbergii* við *B. vulgaris* (Lubell *et al.*, 2008) eins og oft hefur verið vísað til með *B.* × *ottawensis* heitinu. Upplýsingar fengnar frá Háskólanum í Wageningen segja að fræmóðirin 'Golden Ring' hafi verið gefin í háskólagrasagarðinn af garðyrkjustöðinni Lombarts in Zundert og var því fræmóðirin að sönnu yrkið 'Golden Ring' en ekki fræplanta hennar, eins og oft er raunin í grasagörðum. 'Laugardalur' ber einnig flest útlitseinkenni *B. thunbergii*; heilrennd blöð, sýld krónublöð, blóm í knippum eða smáum hálfsveipum og einnig verða árssprotar runnans rauðbrúnir en ekki grágulir (eins og á t.d. *B.* × *ottawensis* 'Superba'). Stærð blaða *B. thunbergii* 'Laugardalur' er þó töluvert stærri en á tegundinni sjálfri en er það einkenni einmitt áberandi á fræmóður yrkisins, *B. thunbergii* 'Golden Ring' (Krüssmann, 1986). Sigurður Albert Jónsson vakti athygli á þessum sólbroddi í Garðyrkju-ritinu 1985 og Jóhann Pálsson ritar um hann í sama riti 1989 og gefur honum þá yrkisheitið 'Laugardalur'.

Lýsing: Þéttgreindur laufrunni með miðlungsvaxtarkraft, verður um 2 m hár. Árssprotar hárlausir og langrákóttir, grænir en verða fljótlega rauðleitir á sólarhlið, eldri greinar gulgráar. Þyrnar einfaldir eða þrískiptir.
Blöð: Blöð á árssprotum egglaga, öfugegglaga, spaðalaga eða aflöng, allt að 5,2 cm löng og 2,6 cm breið, yfirleitt heilrennd en broddtenning sést oft síðla hausts, efra byrði þeirra er ljósgrænt með rauðum jaðri, stundum er blaðið rauðmengað, neðra byrði þeirra er grágrænt. Haustlitir gulir, rauðir og allir litir þar á milli.
Blóm: Blóm 1-5 í knippum eða litlum sveipum. Blómstilkar 12-15 mm. Ytri bikarblöð 3, gul og 4-4,5 mm að lengd. Innri bikarblöð 3, gul og 5-5,5 mm að lengd. Krónublöð einnig gul, 4-5 mm, sýld. Forblöð 1-2 (sjaldan 3), yfirleitt gul en geta verið rauðmenguð. Blómstrar í lok júní og fram í júlí.
Aldin: Ber skærrauð og aflöng, eru þó lítið áberandi þar sem þau eru oft stök og falin í laufi.

Prófanir og reynsla:

Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs frá 2008 á Reykjum, Sandgerði og Blönduósi 2009, Fossvogi 2011 og Hvanneyri 2012. Reynst harðger, kelur alltaf lítillega í enda og kól nokkuð í Fossvogi og Sandgerði haustið 2013.

Heilbrigði: Heilbrigður runni sem hvorki skordýr né sérstakir sjúkdómar herja á.

Notagildi: Hentar í einkagarða og opin græn svæði sem stakstæður eða í þyrpingum, einnig í klippt eða óklippt limgerði. Hvassir þyrnar sem hindra fólk í að þrengja sér gegnum runna og

gera umhirðu erfiða. Það getur verið takmarkandi þáttur og ætti að fara varlega með að nota hann á leiksvæði barna. Þar sem yrkið 'Laugardalur' kelur gjarnan á haustin, sérstaklega í næringarríkum jarðvegi getur verið heppilegt að snyrta hann til með klippingu á vorin.

Fjölgun: Með sumargræðlingum.

Aðgangur að efniviði: Klónasafn Yndisgróðurs á Reykjum, YG númer 128.

Heimildir: Krüssmann, G. (1986); Lubell, J.D., Brand, M.H. og Lehrer, J.M. (2008); Jóhann Pálsson (1989); Sigurður Albert Jónsson (1985); Grasagarður Reykjavíkur (án árs).

Lýst af Hirti Þorbjörnssyni.

Mynd 3. Sólbroddur 'Laugardalur'. Litbrigði laufa og greina, á Reykjum 3. júlí 2014. Gróðursettur 2008.

Mynd 4. Sólbroddur 'Laugardalur' á Reykjum 3. júlí 2014.

Mynd 5. Haustlitir, í Laugardal 18. september 2010.

Berberis vernae C.K.Schneid 'Kristinn'

Vorbroddur 'Kristinn'

Uppruni: Tegundin á uppruna sinn í norðvestur Szechwan og Kansu í Kína. Móðurplantan var flutt inn frá Keeper's Hill Nursery í Bretlandi árið 1959. Kristinn Guðsteinsson flutti hana inn til ræktunar í garði sínum að Hrísateigi 6 í Reykjavík og er yrkið kennt við hann. Runninn var á sólríkum stað í garðinum og var orðinn þriggja metra hár árið 1999. Sennilega er nær allur vorbroddur í ræktun á Íslandi upprunninn af þessum eina runna í garði Kristins. Ræktunarstöð Reykjavíkur fékk græðlinga af runnanum árið 1992 og hóf ræktun þá.

Lýsing: Lauffellandi runni, um 3 m hár og breiður. Árssprotar hárlausir, strendir með einfalda, nállaga og stutta þyrna ofan til, en þrískiptir þyrnar, stærri og fleiri (allt að sexskiptir) neðarlega á kröftugum, löngum árssprotum. Einfaldir þyrnar um 1,8-2,2 cm langir á stuttum hliðargreinum, en 2,9-3,5 cm langir á kröftugum árssprotum. Greinabörkur er grár, en á árssprotum gulgrænn og þroskast yfir í rauðbrúnt eða brún-fjólublátt undir haust.
Blöð: Öfuglensulaga, sum spaðalaga, ávöl í endann eða snöggydd, mjókka niður, stilklaus til 1 cm langur stilkur, 1,5-4,5 cm löng og 0,3-1,3 cm breið, (mæld 4,1-4,7 cm löng og 1,7-2,1 cm breið á kröftugum árssprota), allt að 8 saman í þyrpingu við brum. Endablöð að mestu heilrennd, en annars gistennt og þyrnitennt. Græn á efra borði og grágræn á neðra borði, alveg hárlaus og dálítið nettaugótt. Haustlitur gulur.
Blóm: Gul í þéttum, hangandi 2,5-4,5 cm löngum klasa. Blóm smá, en blómgun ríkuleg. Blómstrar í júní.
Aldin: Rauð-laxarauð, kúlulaga, 5 mm breið og án stíls.

Prófanir og reynsla:
Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs frá 2008 á Reykjum og Sandgerði, Blönduósi síðan 2009, Fossvogi 2011 og Hvanneyri 2012. Reynst harðgerður, kól nokkuð í Fossvogi og í Sandgerði haustið 2013.

Heilbrigði: Engir sérstakir sjúkdómar né skordýr. Stöku nag eftir lirfu sést á blöðum.

Notagildi: Vorbroddur er einn af fallegustu og þokkafyllstu Berberis. Ungir runnar vaxa mikið og ljúka vexti í seinna lagi. Ber því nokkuð á haustkali á löngum, kröftugum árssprotum sem ljúka vexti um miðjan september, en stuttar hliðargreinar eru ókalnar enda löngu búnar að mynda endabrum. Brum geta lifnað fullsnemma í snemmhlýindum í apríl, en skemmast sjaldan alveg af völdum vorkals. Kaltilhneigingar hverfa smám saman eftir því sem runninn stækkar og eyðir meiri orku í blómgun og minni í vöxt. Blómgun minnir á gullregn í blóma með marga, hangandi, gula klasa í röð niður eftir fyrraárs greinum. Hentar í einkagarða og opin græn svæði sem stakstæður eða í þyrpingum, einnig i óklippt limgerði. Sterk lykt af blómum sem getur verið yfirþyrmandi og hvassir þyrnar sem hindra fólk í að þrengja sér gegnum runna og gera viðhald erfitt geta verið takmarkandi þættir og ætti að fara varlega með að nota hann við dvalarsvæði sökum lyktar og á leiksvæði barna vegna þyrnanna.

Fjölgun: Með sumargræðlingum í júlí-ágúst.

Aðgangur að efniviði: Klónasafn Yndisgróðurs á Reykjum, YG númer 127.

Heimildir: Krüssmann, G. (1976-1978); Bean, W.J. (1989); Rehder, A. (1940); Bryndís Pétursdóttir (1992); Hjörtur Þorbjörnsson (1999).

Lýst af Ólafi Sturlu Njálssyni.

Mynd 6. Vorbroddur 'Kristinn'. Blómin, á Reykjum 14. júlí 2012. Gróðursettur 2008.

Mynd 7. Vorbroddur 'Kristinn' á Reykjum 16. ágúst 2011. Gróðursettur 2008.

Cornus sericea L. 'Roði'

Sveighyrnir 'Roði'

Uppruni: Víðfeðm heimkynni frá Nýfundnalandi í austri til Alaska í vestri, suður til Mexíkó, Kansas og Virginia. Kjörlendi er rök jörð í skóglendi og nægri birtu. Yrkið 'Roði' er úr Alaskasöfnun Óla Vals Hanssonar og félaga haustið 1985 og var fljótlega áberandi besti runninn upp af fræi í tilraunareit I á Reykjum. Af frænúmeri A-472 (59°27'N og 135°19'V, 6 m.y.s), sem Óli Valur Hansson safnaði af ýmsum runnum við grafreitinn í Dyea í Skagway, Suðaustur-Alaska. Ólafur Sturla Njálsson skráði 26. febrúar 1986: „Ein planta spíraði af þessu frænúmeri, meira spíraði ekki. ...Fræbakka hent 27. júlí 1989. ... Þessi eina planta gróðursett í beð 4 í reit I á Reykjum sumarið 1989". Fjögur önnur frænúmer af *Cornus stolonifera* (sem er samheiti fyrir *Cornus sericea*) frá Haines, Palmer, Skagway og 'Isanti' frá Iowa spíruðu og voru gróðursett í sama reit sama sumar. Roði stóð smám saman upp úr og haustið 1996 buðust garðplöntuframleiðendum fyrstu móðurplönturnar af Roða til kaups.

Lýsing: Lauffellandi þéttgreinóttur runni með grannar greinar. Nær um 1,5 m hæð og breidd á 3-5 árum, en með árunum allt að 3,5 m hæð við mjög góð skilyrði. Árssprotar 20-70 cm langir með 5-9 brumpör, fínhærðir í fyrstu. Mergur stór og hvítur. Greinar vaxa lóðrétt upp í fyrstu, sveigjast síðan út og sumar leggjast við jörðu og slá rót. Brum gagnstæð, mjó, langydd, hærð og án brumhlífarblaða. Árssprotar með áberandi dökkrauðan börk, ljós barkarop og barkarhring við brum. Börkur lýsist á tveggja ára greinum og gránar, er sléttur eða dálítið rákóttur.
Blöð: Gagnstæð, egglaga, sporbaugótt eða breiðlensulaga, 5-10 (14) cm löng og 1,5-5,5 cm breið (mæld 8,6-10,8 cm löng og 5,5-7 cm breið), ýmist langydd eða stuttydd, með stuttyddan eða ávalan grunn. Heilrennd með 5-7 bogsveigð, niðurfelld æðastrengjapör, dökkgræn og nærri hárlaus að ofan, fínhærð, hvítgræn eða hvítleit á neðra borði. Blaðstilkur hærður um 6-12 mm langur. Engin axlablöð. Haustlitur gulur og rauður í lok september og október, áberandi dökk-rauður í rýrari jarðvegi.
Blóm: Flatir 3,5-5 cm breiðir, endastæðir blómsveipir. Mörg, þéttstæð blóm, fínhærð, stutt-stilkuð, hvert blóm um 6 mm breitt, með fjögur smá bikarblöð og 4 gulhvít eða hvít krónublöð, með 4 fræfla og eina frævu með tvídeildu eggbúi og stuttum stíl. Visnir blómsveipir eru oft sýnilegir allan veturinn. Blómsveipir næsta árs sjást vel í endabrumum árssprota um haustið, og þeir eru einnig án brumhlífa. Blómstrar seinni hluta júní og fram í júlí.
Aldin: Hvítt eða ljósblátt steinaldin með eina hnetu, 6-10 mm breitt. Kringlótt fræ, jafnbreitt og langt. Frekar lítil berjamyndun hér, en þau ber sem myndast ná fullum þroska í október.

Prófanir og reynsla:

Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs frá 2008 á Reykjum, Sandgerði og Blönduósi 2009 og Fossvogi 2011. Hefur reynst harðger á Reykjum en kalið ítrekað á Blönduósi og í Sandgerði og ekki þrifist vel þar. Kól mikið í Fossvogi haustið 2013.

Í Alaskaverkefni: Ein planta af frænúmeri A-472 var gróðursett ásamt fjórum öðrum frænúmerum af *Cornus stolonifera* í sama reit sumarið 1987. Roði stóð smám saman upp úr með minnsta hættu á að kala og var langfyrstur til að byrja að blómstra. Fyrsta blómgun skráð 28. júlí 1995. Meðalkal 'Roða' mælt árin 1988 – 1989 – 1991 – 1992 var 1,25 (á skala 0-4, 0 = ekkert kal), en önnur áðurgreind frænúmer voru með meðalkal 1,7 – 2,25 – 1,75 – 3,38.

Heilbrigði: Engir sérstakir sjúkdómar né skordýr herja á sveighyrni. Stöku lirfunag og ranabjöllubit má sjá á blöðum.

Notagildi: Sveighyrnir 'Roði' þrífst vel í skjóli á svæði A og B, og sennilega á hlýjum, skjólgóðum stað á svæði C. Roði hentar í stór runnabeð, sem stakstæður skrautrunni, í óklipptar raðir og þyrpingar með stærri trjám og innan um stór tré til uppfyllingar, ekki í miklum skugga þó. Rauður börkur árssprota er sérstaklega áberandi á veturna og á sólríkum stöðum á vorin. Fer það vel með sígrænum runnum. Roði blómstrar á greinum fyrra árs. Lítið ber á endabrumskali nema í mjög frjósömum jarðvegi og þegar frost er mikið snemma að hausti. Nauðsynlegt er að yngja runnann upp með klippingu til að fá sem flestar ungar greinar með dökkrauða barkarlitnum. Ýmist er runninn klipptur allur niður í 20 cm stubba eða grisjað innúr og teknar elstu greinarnar (algengasta aðferðin hér).

Fjölgun: Með sumargræðlingum í ágúst. Erlendis er sveighyrni fjölgað með vetrargræðlingum. Stundum ber nokkuð á rótarkali, þegar plöntur hafa staðið úti í karmi í pottum. Þarf því að skýla framleiðslunni utandyra alveg fram að sölu. Ofanjarðarhlutinn skemmist ekki. Eingöngu ræturnar sem virðast viðkvæmari meðan þær eru í potti.

Mynd 8. Sveighyrnir 'Roði' á Reykjum 16. ágúst 2011. Gróðursettur 2008.

Aðgangur að efniviði: Klónasafn Yndisgróðurs á Reykjum, YG númer 130. Í framleiðslu er stundum ekki alveg víst hvort um yrkið 'Roða' sé að ræða, þar sem fleiri klónar eru framleiddir upp af fræi.

Heimildir: Krüssmann, G. (1976-1978); Bean, W.J. (1989); Rehder, A. (1940); Viereck, L.A. og Little, E.L. (2007).

Lýst af Ólafi Sturlu Njálssyni.

Mynd 9. Haustlitir, í Nátthaga 26. sept. 2004.

Mynd 10. Sveighyrnir 'Roði' á Reykjum 6. júlí 2011.

Lonicera caerulea L. 'Bergur'

Blátoppur 'Bergur'

Uppruni: Blátoppur 'Bergur' kom upp af fræi í Grasagarði Reykjavíkur frá Grasagarði Pétursborgar í Rússlandi árið 1964 undir heitinu *Lonicera altaica*, bergtoppur (Grasagarður Reykjavíkur). Töluverður fjöldi einsleitra plantna var ræktaðar af þessu fræi og fóru þær víða (Sigurður A. Jónsson, símtal 23.05.2012). Ein planta í Grasagarðinum var ræktuð áfram og gefið yrkisheitið 'Bergur' árið 1995 (Samson B. Harðarson, 1995). Þar sem *L. altaica* er í dag talið samheiti fyrir *L. caerulea* var. *altaica* er blátoppsheitið notað hér og bergtoppur álitið samheiti (eFloras, 2008). Hér er ekki tekin afstaða til þess hvort yrkið sé sannanlega af afbrigðinu var. *altaica*.

Lýsing: Uppréttur og þéttgreindur lauffellandi runni með miðlungsvaxtarkraft, getur orðið rúmlega 2 m hár og breiður. Árssprotar eru fyrst grænir en verða fljótt brúnrauðir og lýsast með aldrinum, börkur eldri greina er ljósbrúnn til dökkbrúnn og flagnar af í löngum ræmum. Vexti árssprota lýkur um mitt sumar. Brum gagnstæð, rauðbrún, oft 2-4 saman í röð og vaxa hornrétt frá grein.
Blöð: Gagnstæð, egglaga, sporbaugótt eða öfugegglaga, allt að 8 cm löng og 4 cm breið, lítið ydd eða snubbótt. Ljósgræn og nokkuð loðin fyrst á vorin en dekkjast er á líður sumarið og verða blágræn, verða einnig því sem næst hárlaus. Blaðstilkur hærður og stuttur. Haustlitur gulur.
Blóm: Blóm eru saman í pörum á oft drúpandi blómstilk, gulhvít og lítið áberandi, hærð að utanverðu og um 15 mm löng. Blómstrar í lok maí og í byrjun júní.
Aldin: Ber aflöng, blásvört og döggvuð. Þroskar fá aldin og eru þau súr.

Prófanir og reynsla:
Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs frá 2008 á Reykjum, Sandgerði og Blönduósi 2009, Fossvogi 2011 og Hvanneyri 2012. Reynst mjög harðger. Hefur í sívaxandi mæli fengið mjöldögg.

Heilbrigði: Þótt nart haustfeta sjáist á stöku blaði, verður blátoppurinn 'Bergur' að öllu jöfnu ekki illa leikinn af völdum skordýra. Hins vegar er hann viðkvæmur fyrir mjöldögg (Microsphaera penicillata) og geta blöð hans verið undirlögð þessari sveppasýkingu þegar sumur eru hlý og sólrík eða þegar hann er gróðursettur í þéttar runnaþyrpingar. Blöðin fá fyrst á sig gráan hýjung sem síðar verður brúnsvartur og ef sýkingin er mikil er þetta lýti á runnanum.

Notagildi: Einstaklega harðger og vorfagur runni með nokkuð upprétt vaxtarlag. Hentar vel í þyrpingar, jaðar trjábelta, klippt og óklippt limgerði á stöðum þar sem skilyrði eru erfið eins og í nýjum hverfum. Getur orðið nokkuð gisinn og grófgerður með aldrinum ef hann er ekki klipptur. Sökum vaxandi óþrifa af mjöldögg, sem þrífst best í sól og hita, er mælt með notkun annarra tegunda þar sem því er við komið.

Fjölgun: Yrkinu er fjölgað með sumargræðlingum.

Aðgangur að efniviði: Klónasafn Yndisgróðurs að Reykjum, YG númer 135.

Heimildir: Samson B. Harðarson (1995); Grasagarður Reykjavíkur; eFloras (2008).

Lýst af Hirti Þorbjörnssyni.

Mynd 11. Blátoppur 'Bergur' á Reykjum 2. júní 2011. Gróðursettur 2008.

Mynd 12. Blátoppur 'Bergur' á Reykjum 6. júlí 2011. Sést votta fyrir mjöldögg á eldri (dekkri) blöðum.

Lonicera caerulea L. 'Þokki'

Blátoppur 'Þokki'

Uppruni: Blátoppur 'Þokki' kom upp af fræi í Grasagarði Reykjavíkur frá Grasagarði Kirovsk í Rússlandi árið 1965. Fræið kom undir heitinu *Lonicera edulis* f. *rotundata* sem er samheiti fyrir *L. caerulea* var. *edulis* og var runninn lengi vel merktur því heiti (Grasagarður Reykjavíkur). Hins vegar hefur blátoppur 'Þokki' hvorki þau útlitseinkenni sem þessi heiti vísa í né þroskar hann æt ber. Því er blátoppur 'Þokki' ekki greindur til undirtegunda, heldur er tegundanafnið látið nægja. Sökum blaðfegurðar hóf Ræktunarstöð Reykjavíkur framleiðslu á þessu yrki og var því gefið nafn 1995 (Samson B. Harðarson, 1995).

Lýsing: Uppréttur og þéttgreindur lauffellandi runni með miðlungsvaxtarkraft, getur orðið yfir 2 m hár á löngum tíma. Árssprotar eru fyrst grænir en verða fljótt brúnrauðir og lýsast svo með aldrinum, börkur eldri greina er ljósbrúnn til dökkbrúnn og flagnar af í löngum ræmum. Vexti árssprota lýkur um mitt sumar en kemur gjarnan með síðsumarvöxt og er barkarlitur þeirra sérstaklega rauður. Brum gagnstæð, rauðbrún, oft 2-4 saman í röð og vaxa hornrétt frá grein.
Blöð: Gagnstæð, egglaga, sporbaugótt eða öfugegglaga, 6,0-8,2 cm löng og 3,5-5,1 cm breið, lítið ydd eða snubbótt. Ljósgræn og nokkuð loðin fyrst á vorin en dekkjast er á líður sumarið og verða blágrænog því sem næst hárlaus. Blaðstilkur hærður og stuttur. Blöð á síðsumarsprotum eru allt að helmingi minni en á venjulegum árssprotum. Haustlitur gulur.
Blóm: Blóm eru saman í pörum á oft drúpandi blómstilk, gulhvít og lítið áberandi, hærð að utanverðu og um 15 mm löng. Blómstrar í lok maí og í byrjun júní.
Aldin: Ber hnöttótt, blásvört og döggvuð. Þroskar lítið af berjum og eru þau súr.

Prófanir og reynsla:

Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs frá 2008 á Reykjum, Sandgerði og Blönduósi 2009, Fossvogi 2011 og Hvanneyri 2012. Reynst mjög harðger. Hefur í sívaxandi mæli fengið mjöldögg.

Heilbrigði: Þótt nart haustfeta sjáist á stöku blaði, verður blátoppurinn 'Þokki' að öllu jöfnu ekki illa leikinn af völdum skordýra. Hins vegar er hann viðkvæmur fyrir mjöldögg (Microsphaera penicillata) og geta blöð hans verið undirlögð þessari sveppasýkingu þegar sumur eru hlý og sólrík eða þegar hann er gróðursettur í þéttar runnaþyrpingar. Blöðin fá fyrst á sig gráan hýjung sem síðar verður brúnsvartur og ef sýkingin er mikil er þetta mikið lýti á runnanum.

Notagildi: Einstaklega harðger vorfagur runni með fallegt hálfkúlulaga vaxtarlag og falleg laufblöð. Hentar vel í þyrpingar og óklippt limgerði á stöðum þar sem skilyrði eru erfið eins og í nýjum hverfum. Sökum vaxandi óþrifa af mjöldögg, sem þrífst best í hita og sól, er mælt með notkun annarra tegunda þar sem því er við komið.

Fjölgun: Yrkinu er fjölgað með sumargræðlingum.

Aðgangur að efniviði: Klónasafn Yndisgróðurs að Reykjum, YG númer 118.

Heimildir: Samson B. Harðarson (1995); Ræktunarstöð Reykjavíkur (án árs); Grasagarður Reykjavíkur (án árs).

Lýst af Hirti Þorbjörnssyni.

Mynd 13. Blátoppur 'Þokki' á Reykjum 6. júní 2013. Gróðursettur 2008.

Mynd 14. Blátoppur 'Þokki' í Laugardal 13. október 2008.

Lonicera deflexicalyx Batalin 'Kristmann'

Gultoppur 'Kristmann'

Uppruni: Tegundin á uppruna sinn í vesturhluta Kína og Tíbet. Talið er að nær allur gultoppur á Íslandi eigi uppruna sinn að rekja til plöntu sem Kristmann Guðmundsson ræktaði upp af fræi sem hann fékk sent frá Finnlandi og gróðursetti í garði sínum, Garðshorni, í Hveragerði (Kristmann Guðmundsson, 1961). Reykjavíkurborg fékk til sín hluta plantnanna úr garði hans þegar hann hætti ræktun í lok sjötta áratugarins og er hluti þeirra enn lifandi í Grasagarði Reykjavíkur og í skrúðgarðinum í Laugardal. Gultoppurinn er ein þessara plantna og dafnar hún vel við austurinngang Grasagarðsins. Garðplöntuframleiðendur hófu framleiðslu af græðlingum þessarar plöntu og í seinni tíð hafa einnig verið ræktaðar fræplöntur af henni með góðum árangri. Lýsing þessi á þó aðeins við upprunalegu plöntuna og græðlingsfjölgun af henni. Fræplöntur eru frábrugðnar móðurplöntunni og er það verkefni framtíðarinnar að meta það hvort þær hafi einhverja eftirsóknarverða eiginleika.

Lýsing: Stór runni, 2-4 m á hæð og álíka breiður (1,5-3 m skráð í bókum). Vex hratt og verður fyrirferðarmikill þrátt fyrir fínlegar og grannar greinar. Árssprotar eru holir, fínhærðir með fjólubláan börk, láréttir, útstæðir og stundum slútandi í endann. Brum eru gagnstæð. Börkur grár og flagnar af í ræmum.
Blöð: Mjóegglaga til langlensulaga, ydd, ávöl að neðan, (4-8 cm á lengd og 1,5-2,3 cm breið skráð í bókum) 9-12 cm löng og 4-5,5 cm breið, dálítið óslétt á efra borði og dökkgræn, en ljósgrágræn á neðra borði, lítið eitt hærð báðum megin, sérstaklega á blaðtaugum á neðra borði. Blaðstilkur tæplega 1 cm langur. Á blómgreinum eru blöðin minni, 5-6 cm löng og 2,5-3 cm breið. Fá gulan haustlit.
Blóm: Um 15 mm löng, ljósgul fyrst, síðan dekkri, standa ofan á árssprotanum í pörum, mörg og mjög áberandi, dálítið hærð að utanverðu, stíll hærður, frjóhnappar hærðir neðst, krónupípa styttri en krónuflipar, og neðri krónublaðsvör mikið aftursveigð. Blómstrar í júlí.
Aldin: Appelsínugul, kringlótt ber.

Prófanir og reynsla:

Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs frá 2008 á Reykjum, Sandgerði og Blönduósi 2009, Fossvogi 2011 og Hvanneyri 2012. Reynst harðger, hefur þó kalið lítillega í Sandgerði og á Blönduósi.

Heilbrigði: Nokkuð hefur borið á mjöldögg á blöðum gultopps í görðum, sérstaklega í hlýjum og sólríkum sumrum. Ungar plöntur í uppeldi fyrir sölu fá oft mikið af illa smituðum blöðum, sem lagast ekki, heldur falla af ónýt. Út af viðkvæmni fyrir mjöldögginni hefur dregið úr fjölgun og ræktun gultopps síðustu árin.

Notagildi: Gultoppur er harðger og kelur ekkert þegar hann hefur komið sér fyrir. Ungar plöntur vaxa gríðarlega mikið og ber nokkuð á brotnum greinum eftir mikið rok. Þetta eldist af plöntunni og runninn getur orðið mjög stór, 4 m á hæð og breidd. Eftir fyrstu árin er gultoppur vindþolinn og þolir nokkuð vel seltu í lofti. Hann þolir mikla klippingu en er fallegastur, þegar hann fær að vaxa frjálst. Gultoppur er myndarlegur sem stakstæður runni eða í runnaþyrpingum og röðum. Hann er skuggþolinn og góður milli stórra trjáa, jafnvel í skjólbeltum. Hann blómstrar ríkulega og þroskar nokkuð af berjum.

Fjölgun: Klónninn reynist oft erfiður í rótun sem sumargræðlingur, en það er aðalframleiðsluaðferðin á honum. Stöku sinnum hefur fræi verið sáð. Það spírar vel eftir kaldörvun en gefur þá ekki af sér einsleitar plöntur.

Aðgangur að efniviði: Klónasafn Yndisgróðurs á Reykjum, YG númer 120.

Heimildir: Kristmann Guðmundsson (1961); Krüssmann, G. (1976-1978); Bean, W.J. (1989); Rehder, A. (1940).

Lýst af Ólafi Sturlu Njálssyni.

Mynd 15. Gultoppur 'Kristmann' á Reykjum 3. júlí 2014. Gróðursettur 2008.

Mynd 16. Gultoppur 'Kristmann' á Reykjum 6. júlí 2011. Gróðursettur 2008.

Philadelphus coronarius L. 'Þórunn hyrna'

Snækóróna 'Þórunn hyrna'

Uppruni: Eftir því sem best er vitað vex upprunalega plantan við gömlu kaffistofuna í Lystigarðinum á Akureyri og er hún frá tíma Jóns Rögnvaldssonar sem forstöðumanns garðsins 1953 til 1970. Plantan við gömlu kaffistofuna er skráð í gagnagrunn garðsins 1958 og þá undir nafninu *Philadelphus coronarius*, snækóróna. Um 1985 gróðursetur Ræktunarstöð Reykjavíkur plöntu í móðurplöntubeð sitt í Laugardalnum. Skráningu var ábótavant og ekki er vitað hvaða leið yrkið fór til Reykjavíkur en ekki leikur vafi á því að þetta er sami klónninn (Samson B. Harðarson, 2006). Yrkið hefur ekki þótt falla vel inn í upprunalega tegundalýsingu *P. coronarius* og hefur þá aðallega hæring blaða og blómdisks ekki þótt falla inn í þá tegundalýsingu. Því hefur yrkið verið talið tegundablendingur eða óþekkt yrki. Hafa menn jafnvel leitt að því líkum að blendingurinn eða yrkið hafi átt uppruna sinn í Kanada þar sem talið er að Jón Rögnvaldsson hafi flutt með sér töluvert af plöntum frá Kanada þegar hann lauk þar námi (Samson B. Harðarson, 2006). Ekki hefur þó tekist að finna yrki með blendingsuppruna sem hefur sömu útlitseinkenni Þórunnar hyrnu, enda hefðu kynbótamenn suðlægari landa líklega kastað henni sökum grófleika hennar og af þeirri ástæðu að sem garðplanta hefur hún fátt umfram það sem er ræktað sem *P. coronarius* í Evrópu (Wright, 1980). Samkvæmt eldri heimildum fellur yrkið hins vegar vel að tegundalýsingu *P. caucasicus* Koehne, mánakórónu og þá sem nokkurs konar millistig afbrigðisins var. *glabratus* og tegundarinnar sjálfrar (Hu, 1955; Jalas, 1972; Krüssmann, 1986). Í dag er fjölbreytileiki *P. coronarius* talinn meiri en áður (Webb, 1993) og er *P. caucasicus* nú talið samheiti þeirrar tegundar (World Checklist of Selected Plant Families, in review). Því er 'Þórunn hyrna' skráð hér undir tegundaheitið *Philadelphus coronarius*, snækórónu. Árið 2006 var yrkinu gefið nafn Þórunnar hyrnu, landnámskonu í Eyjafirðinum (Samson B. Harðarson, 2006).

Lýsing: Uppréttur lauffellandi runni með miðlungsvaxtarkraft, verður yfir 2,5 m hár og breiður, er þó vel það (allt að 4 m) í Lystigarðinum á Akureyri. Árssprotar grænir en verða fljótlega brúnir, eldri greinar verða gráar. Börkur flagnar af í mjög þunnum ræmum. Brum sjást yfirleitt ekki þar sem þau eru falin í neðsta hluta blaðstilksins.
Blöð: Blöð gagnstæð, egglaga, 7-14 cm löng og 4-7 cm breið á langsprotum, langydd, blaðgrunnur snubbóttur, blaðæðar 3 eða 5, blaðjaðar stífhærður og tenntur með allt að 10 greinilegum tönnum á langsprotum, að mestu hárlaus á efra borði en stífhærð á blaðæðum á því neðra. Blöð á blómsprotum eru minni, mjórri og oft heilrennd. Haustlitir gulir.
Blóm: Blóm ilma vel, 3-9 saman í klasa, hálfyfirsætin, krónublöð fjórdeild og hvít (stöku blóm fimmdeild). Blómstilkur, undirbikar, bikarblöð og diskur dúnhærð, stíll svo til hárlaus. Blómstrar í lok júlí og fram í ágúst.
Aldin: Hýðisaldin, lítið áberandi.

Prófanir og reynsla:

Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs frá 2008 á Reykjum, Laugardal, Sandgerði og Blönduósi 2009, Fossvogi 2011 og Hvanneyri 2012. Hefur kalið lítið eða ekkert á Reykjum en nokkuð í Fossvogi, á Blönduósi og í Sandgerði, meira en Mont Blanc. Virðist þurfa nokkuð skjólgóðan og sólríkan stað til að þrífast og blómstra vel.

Heilbrigði: Getur verið lengi að koma sér á legg og þarf gott skjól til að blöðin eyðileggist ekki, annars heilbrigður runni sem hvorki skordýr né sérstakir sjúkdómar herja á.

Notagildi: Snækóróna hentar vel sem stakstæður runni, með öðrum smávaxnari runnum og sólarmegin í trjábeðum. Blómstrar mikið á sólríkum og skjólsælum stöðum. Blómin ilma vel en

ekki eins mikið og yrkið 'Mont Blanc'. Þar sem hún er nokkuð stórvaxin nýtur hún sín best þar sem pláss er nægt. Hægt er að yngja runnann með því að grisja innan úr honum elstu greinarnar og ætti hann þá að blómstra ríkulega.

Fjölgun: Með sumargræðlingum.

Aðgangur að efniviði: Klónasafn Yndisgróðurs á Reykjum, YG númer 137.

Heimildir: Samson B. Harðarson (2006); Krüssmann, G. (1986); Webb, D.A. (1993); Jalas J. (1972); Wright D. (1980); Hu, S.Y. (1955); World Checklist of Selected Plant Families.

Lýst af Hirti Þorbjörnssyni.

Mynd 17 og 18. Snækóróna 'Þórunn hyrna' sumarið 2005 í Lystigarðinum á Akureyri.

Mynd 19. Snækóróna 'Þórun hyrna' í blóma 11. júlí 2007.

Ribes bracteosum Douglas 'Perla'

Blárifs 'Perla'

Uppruni: Vex villt kringum Prince William flóa í Suður-Alaska og í strandhéruðum Vestur-Ameríku suður til Kaliforníu. Kjörlendi rakur jarðvegur og opið elrikjarr. Yrkið Perla var sótt af Óla Vali Hanssyni og félögum í söfnunarferð til Alaska haustið 1985. Græðlingar af runnum í jökulurðinni við Sheridan skriðjökul (ca. 60°45'N og 145°45'V í 145 m.y.s.) austan við Cordova, fengu tilraunanúmerið A-519. Móðurplöntur af Perlu voru boðnar garðplöntu-framleiðendum til kaups haustið 1993.

Lýsing: Um 1-2 (3) m hár og breiður runni með stífar, hrjúfar og grófar greinar. Árssprotar sverir, vaxa um 20-70 cm á ári, með 5-20 stöngulliði og í fyrstu dálítið hærðir og kirtilhærðir. Ljúka vexti snemma, fyrir miðjan júlí. Brum stór og rauðleit. Börkur brúnn-grábrúnn og flagnar af í ræmum.
Blöð: Stór og þunn, 7,5-20 cm löng, dálítið breiðari, djúphandflipótt, 5-7 yddir flipar, óreglulega tvísagtennt, skærgræn, fljótlega hárlaus að ofan, en smágerð kirtilhár á neðra borði. Kirtilhárin gefa frá sér sterka, sæta lykt, sem sumum finnst ógeðfelld, sbr. enska heitið „stink currant". Blaðstilkur grannur, stundum lengri og stundum styttri en blaðið, með fáein kirtilhár neðst. Haustlitur skærgulur.
Blóm: Áberandi, 15-30 cm langir, uppstæðir og sveigðir blómklasar með 20-40 blóm. Blómstilkar um 1 cm á lengd með háblöð. Blóm (bikarblöð) hvít-grænleit eða ljósrauðleit, 3-4 mm löng. Eggbú þéttkirtilhært. Blómstrar í júní strax eftir laufgun.
Aldin: Dökkblá ber, um 1 cm á breidd og lengd, með ljósa vaxhúð sem litar berin blá og með gul sterklyktandi kirtilhár. Ber fullþroskuð um mánaðarmótin júlí-ágúst, eru æt.

Prófanir og reynsla:

Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs frá 2008 á Reykjum og Fossvogi 2011. Hefur misþrifist í Fossvogi.

Í Alaskaverkefni: Blárifs 'Perla' var gróðursett í tilraunareit I á Reykjum sumarið 1987, tilraunanúmer A-519. Athuganir sýndu að runnarnir 6 í tilraunareitnum kólu ýmist ekkert eða misstu í mesta lagi endabrumið árin 1988, 1989, 1991 og 1992 og runnarnir stækkuðu áfallalaust þrátt fyrir berangur og skjólleysi frá byrjun.

Heilbrigði: Ekki ber á neinum sérstökum skemmdum af völdum skordýra og sveppasjúkdóma á blárifsi 'Perlu'.

Notagildi: Blárifs 'Perla' þrífst um land allt á byggðu bóli, er harðger, kelur ekkert og hefur stuttan vaxtartíma. Perla er skuggþolin og þrífst vel innan um stórvaxna runna og tré, milli stórra trjáa sem uppfylling og þétting, í fjölbreytt runnabeð og berjagarðinn. Berin eru góð í sultu og bragðið passar vel við alls konar villibráðarsteikur.

Fjölgun: Sumargræðlingar í lok júní og byrjun júlí. Einnig af fræi, en ekki vitað hvort plönturnar séu breytilegar í frærræktun.

Aðgangur að efniviði: Klónasafn Yndisgróðurs á Reykjum, YG númer 321.

Heimildir: Krüssmann, G. (1976-1978); Bean, W.J. (1989); Rehder, A. (1940); Viereck, L.A. og Little, E.L., Jr. (2007).

Lýst af Ólafi Sturlu Njálssyni.

Mynd 20. Blárifs 'Perla' á Reykjum, 3. júlí 2014. Gróðursett 2008.

Mynd 21. Blárifs 'Perla' á Reykjum 6. júlí 2011. Gróðursett 2008.

Ribes glandulosum Grauer 'Alaska'

Kirtilrifs 'Alaska'

Uppruni: Útbreitt í Suður-Alaska, frá Fairbanks í norðri og suður til British Columbia, austur til Hudson Bay, Labrador og Nýfundnalands. Einnig útbreitt suður eftir fjöllum Wisconsin, Minnesota og í Appalachianfjöllum suður til Norður-Karólínu. Sést oft þar sem jarðrask verður af náttúrulegum orsökum eða af mannavöldum. Kirtilrifs hefur verið til í Lystigarði Akureyrar frá tíma Jóns Rögnvaldssonar og virðist vera sá klónn sem er í ræktun í öllum garðplöntustöðvum.

Lýsing: Gróskumikill, breiðvaxinn og jarðlægur runni, um 0,4-0,9 m á hæð, en margfalt breiðari. Greinar útsveigðar og jarðlægar, ljósbrúnar í fyrstu, seinna gráar og slá rót þar sem þær liggja við jörð. Árssprotar dálítið hærðir og kirtilhærðir, sléttir, gráleitir, verða síðan ljósbrúnir. Brum brún til rauð, 6-10 mm löng, með fíngerð hvít randhár á endum brumhlífa. Börkur hrjúfur og flagnar fljótt af í ræmum.
Blöð: Laufgast snemma. Djúphandflipótt, 5 (7) flipar, tvísagtennt, frekar þunn og smágerð, rákótt, 3-10 cm breið (mæld 8 cm breið og 6,5 cm löng), aðeins styttri, hvanngræn beggja vegna, mjúk, hárlaus að ofan, en hærð á neðra borði á æðastrengjum. Blaðstilkur nær jafnlangur blaði og kirtilhærður neðst. Blöðin þekja vel, álíka vel og hélurifsið 'Rökkva'. Haustlitur skærrauður, mjög áberandi, en í skugga ber meira á gulum lit. Haustlitur sést snemma ef jarðvegur er rýr, en annars ekki orðinn áberandi fyrr en í byrjun september.
Blóm: Blóm smá í uppréttum, 5-10 cm löngum, kirtilhærðum klasa, 8-20 saman, hvít eða ljósbleik. Blómstrar í maí og júní.
Aldin: Skærrauð ber, um 6-8 mm breið, kirtilhærð, í slútandi klasa og fullþroskuð í lok júlí.

Prófanir og reynsla:
Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs frá 2008 á Reykjum, Sandgerði og Blönduósi 2009, Fossvogi 2011 og Hvanneyri 2012. Hefur reynst harðger, kól nokkuð á Blönduósi og Fossvogi haustið 2013.

Heilbrigði: Engir sérstakir sjúkdómar né skordýr hafa plagað kirtilrifs fram að þessu. Stöku ranabjöllubit sést á blaðjöðrum.

Notagildi: Mjög góður þekjurunni í beð, milli runna og trjáa, bæði á björtum og skuggsælli stöðum. Er smágerðari en hélurifs. Þarf rakan og góðan jarðveg til að þrífast vel, þolir illa að þorna til dæmis í jarðvegslitlum beðum, haustar sig þá snemma og þrífst illa. Góð skógarbotnsplanta. Gróskumikill kirtilrifsrunni skyggir út illgresi og kemur í veg fyrir að það spíri upp. Kelur oftast ekkert þrátt fyrir að eiga það til að laufgast fullsnemma í svikahlýindum seinnipart vetrar og snemma á vorin. Eitt árið var það allaufgað í lok febrúar en fékk nánast eingöngu blaðrandasviðnun í nokkrum frostaköflum eftir það til sumars. Í Lystigarði Akureyrar hefur móðurplantan aldrei skemmst af völdum veðrabrigða. Berin má nýta í sultu, en eru fullsúr fersk. Fuglar éta berin, dreifa fræi með dritinu og hjálpa við sjálfsáningu. Sumum finnst lyktin af kirtilrifsi óþægileg og hún er sögð minna á lyktina af skunki, en öðrum hugnast hún.

Fjölgun: Með sumargræðlingum. Einnig af fræi, ekki er vitað hvort plöntur af fræi eru einsleitar.

Aðgangur að efniviði: Klónasafn Yndisgróðurs á Reykjum, YG númer 125.

Heimildir: Krüssmann, G. (1976-1978); Bean, W.J. (1989); Rehder, A. (1940); Viereck, L.A. og Little, E.L. (2007).

Lýst af Ólafi Sturlu Njálssyni.

Mynd 22. Kirtilrifs 'Alaska' á Reykjum, 3. júlí 2014. Gróðursett 2008.

Mynd 23. Kirtilrifs 'Alaska' á Reykjum, 3. júlí 2014. Gróðursett 2008.

Mynd 24. Á Reykjum, 1.október 2010.

Ribes laxiflorum Pursh 'Pón'

Hélurifs 'Pón'

Uppruni: Vex villt í strandhéruðum í Suður-Alaska, suður til Kaliforníu og austur til Alberta og Idaho. Kjörlendi er rakur jarðvegur, aðallega þar sem jarðrask hefur átt sér stað, akrar og eftir skógarhögg og í þéttum greni- og þallarskógum. Klónninn er afrakstur söfnunarferðar Ólafs Sturlu Njálssonar og Per Nörgaard-Olesen til Alaska haustið 1994 og er yrkisheitið myndað úr upphafsstöfun þeirra. Þann 11. október 1994 voru teknir nokkrir græðlingar af einum runna í grónum skógarbotni í gisnu skóglendi úti á tanga við lón Mendenhall skriðjökulsins skammt norður af Juneau í Suðaustur-Alaska, 58°25'N og 134°33'V, söfnunarnúmer 94044.

Lýsing: Lauffellandi, hraðvaxta runni með útbreiddar og jarðlægar greinar, 2-2,5 m breiður eftir 5-7 ár og tæpur hálfur metri á hæð. Óformlegur samanburður á milli klónanna Lukku, Rökkvu og Pón í safnreit í Nátthaga í Ölfusi sýndi að Pón er áberandi flatari runni, helst lægstur, breiðir hratt úr sér og þekur lang hraðast. Pón þekur þriðjungi stærra svæði en Rökkva á jafnlöngum tíma og helst grænni fram á haust, haustlitir áberandi seinnipart september auk talsverðrar berjamyndunar. Jarðlægar greinar slá rót. Runninn getur orðið hærri ef greinarnar ná að flækjast upp í aðra runna og tré og nota þau sem stuðning. Greinar grófar og brúnar. Árssprotar kirtilhærðir í fyrstu, gulbrúnir, 10-100 cm langir með 5-20 stöngulliði, verða dökkbrúnir og rákóttir. Árssprotar ljúka vexti seinnipart ágúst. Brum áberandi rauð, hærð, 6-8 mm löng, ystu brum árssprota áberandi stærst. Börkur dökkbrúnn og flagnar af í ræmum.
Blöð: Stakstæð, handskipt með fimm þríhyrnda flipa, 6-7 cm löng og 9-11 cm breið (í bókum 7-10 cm breið), tvísagtennt, efra borð dökkgrænt og hárlaust, en neðra borð ljósgrænt með smáa gula kirtla við grunn. Blöð Pón kiprast, eru hrukkuð við æðastrengjamiðjuna, virka meira netæðótt og eru hlutfallslega minni en blöð Rökkvu. Blöð Pón eru með dýpri blaðskerðingar en Rökkva. Pón hefur þrjá jafnstóra flipa og 2 minni við grunn. Blaðstilkur 5-7,5 cm langur og brúnrauðari en hjá Rökkvu. Haustlitur oft skærrauður, stundum yfir í fjólublátt, en gulari á skuggsælum stöðum. Sterkir haustlitir árvissir á sólríkum stöðum, birtast seint í ágúst og vara lengur fram í október heldur en hjá Rökkvu.
Blóm: Blómklasar 10-14 cm langir með um 10-20 blóm. Bikarblöð 3 mm löng og breið, bleik, hærð að utanverðu, ekki kirtilhærð (krónublöð lítilfjörleg). Áberandi og yfirleitt ríkuleg blómgun á hverju vori í maí, rétt fyrir og samtímis laufgun.
Aldin: Svört 12-15 mm breið ber, kirtilhærð, með vaxhúð (hélublá ber) og mörg fræ. Blómrestar sölna fastar á berinu. Berstilkur kirtilhærður, 6-8 mm langur. Pón þroskar mikið af berjum í ágúst, þroskast seinna og eru súrari en ber Lukku.

Prófanir og reynsla:

Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs frá 2008 á Reykjum, Sandgerði og Blönduósi 2009, Fossvogi 2011 og Hvanneyri 2012. Reynst harðger, kól nokkuð í Fossvogi og á Blönduósi haustið 2013.

Heilbrigði: Virðist að mestu alveg laus við sjúkdóma og skordýr sækja ekki í blöðin.

Notagildi: Pón þekur hraðast, er lægstur af hélurifsklónunum þremur og nær að hylja jarðvegsyfirborð og halda illgresi niðri með skuggaáhrifum af þéttum blöðum sínum. Snemmbær laufgun hefur ekki enn skemmst af seinum vorhretum í Nátthaga, og er til bóta þegar á að halda illgresi í skefjum með þekjandi runnum. Pón er frábær þekjurunni í alls konar beð með runnaþyrpingar og trjáþyrpingar, milli trjáa, í skugga af stórum trjám, í beðkanta, stórar steinhæðir, stalla og breiðugróðursetningar með loðvíði og myrtuvíði. Þarf rakan og góðan

jarðveg til að þrífast vel, þolir illa að þorna til dæmis í jarðvegslitlum beðum og haustar sig þá snemma og þrífst illa. Sennilega nær Pón að ljúka vexti tímanlega fyrir vetur á flestum byggðum bólum landsins á láglendi. Snemmbær laufgun gefur fljótt kærkominn iðjagrænan lit.

Fjölgun: Með sumargræðlingum í júlí.

Aðgangur að efniviði: Klónasafn Yndisgróðurs á Reykjum, YG númer 201.

Heimildir: Krüssmann, G. (1976-1978); Bean, W.J. (1989); Rehder, A. (1940); Viereck, L.A. og Little, E.L. (2007).

Lýst af Ólafi Sturlu Njálssyni.

Mynd 25. Hélurifs 'Pón' á Reykjum 3. júlí 2014. Gróðursett 2008.

Mynd 26. Hélurifs 'Pón' á Reykjum 3. júlí 2014. Gróðursett 2008.

Mynd 27. Á Reykjum 1. október 2010.

Ribes laxiflorum Pursh 'Rökkva'

Hélurifs 'Rökkva'

Uppruni: Vex villt í strandhéruðum í Suður-Alaska, suður til Kaliforníu og austur til Alberta og Idaho. Kjörlendi er rakur jarðvegur, aðallega þar sem jarðrask hefur átt sér stað, akrar og eftir skógarhögg og í þéttum greni- og þallarskógum. Rökkva er afrakstur söfnunarferðar Óla Vals Hanssonar og félaga haustið 1985 í Alaska og kom sem græðlingur af runna sem stendur við Ptarmiganlækjarstíg á miðjum Kenaiskaga, 60°23'N og 149°22'V og 145 m.y.s., tilraunanúmer A-721. Móðurplöntur af Rökkvu voru boðnar framleiðendum til kaups haustið 1993.

Lýsing: Lauffellandi, hraðvaxta runni með útbreiddar og jarðlægar greinar, um 1-2 m breiður eftir 5-7 ár og um hálfur metri á hæð. Jarðlægar greinar slá rót. Runninn getur orðið hærri ef greinarnar ná að flækjast upp í aðra runna og tré og nota þau sem stuðning. Greinar grófar og brúnar. Árssprotar kirtilhærðir í fyrstu, gulbrúnir, 10-80 cm langir með 5-20 stöngulliði, verða dökkbrúnir og rákóttir. Árssprotar ljúka vexti í síðustu viku í júlí. Brum áberandi rauð, hærð, 6-8 mm löng, ystu brum árssprota áberandi stærst. Börkur dökkbrúnn og flagnar af í ræmum.
Blöð: Stakstæð, handskipt með fimm þríhyrnda flipa, 6-8 cm löng og 9-13 cm breið (í bókum 7-10 cm breið), tvísagtennt, efra borð dökkgrænt og hárlaust, en neðra borð ljósgrænt með smáa gula kirtla við grunn. Blöð í fyrstu hærðari á neðra borði en blöð kirtilrifs. Rökkva er einnig með skarpari blaðlit og skærrauðari blaðstilk. Blöð Rökkvu eru sléttari og hlutfallslega breiðari en löng samanborið við blöð klónanna Lukku og Pón. Þau eru einnig fíntenntust á Rökkvu og með fimm nokkurn veginn jafnstóra flipa. Blaðstilkur 5-7,5 cm langur. Haustlitur oft skærrauður, stundum yfir í fjólublátt, en gulari á skuggsælum stöðum. Sterkir haustlitir árvissir á sólríkum stöðum, birtast seinnipart ágúst og vara langt fram í september. Rökkva fær haustliti seinna en Lukka en fyrr en Pón.
Blóm: Blómklasar 10-14 cm langir með um 10-20 blóm. Bikarblöð 3 mm löng og breið, bleik, hærð að utanverðu, ekki kirtilhærð (krónublöð lítilfjörleg). Rökkva er yfirleitt eingöngu með karlblóm. Áberandi og yfirleitt ríkuleg blómgun á hverju vori í maí, rétt fyrir og samtímis laufgun.
Aldin: Svört 12-15 mm breið ber, kirtilhærð, með vaxhúð (hélublá ber) og mörg fræ. Blómrestar sölna fastar á berinu. Berstilkur kirtilhærður, 6-8 mm langur. Þroskar ber í júlí-ágúst en fá blóm á Rökkvu eru kvenkyns og myndar því lítið af berjum.

Prófanir og reynsla:

Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs frá 2008 á Reykjum, Sandgerði og Blönduósi 2009, Fossvogi 2011 og Hvanneyri 2012. Reynst harðger, en kól þó nokkuð í Fossvogi og á Blönduósi haustið 2013.

Í Alaskaverkefni: Þrjú kvæmi af hélurifsi bárust til landsins úr söfnunarferð Óla Vals Hanssonar og félaga haustið 1985. Rökkva er eitt þeirra. Engin planta af öllum tilraunanúmerum af hélurifsi, sem lifðu af í tilraunareitnum kelur. Mælingar 1988 – 1989 – 1991 – 1992 sýna ekkert kal öll vorin, þrátt fyrir berangur og algert skjólleysi í reitnum fyrstu árin. A-721 var valin á endanum, þar sem þeir tveir runnar uxu hraðast, þöktu best og fengu alltaf sterkustu haustlitina. (Tvö önnur tilraunanúmer af hélurifsi voru einnig gróðursett sama ár í reitinn, A-536 frá Cordova, 24 fræplöntur, en aðeins ein eftir lifandi af þeim 1989, og A-366 frá Lost Lake Trail á Kenaiskaga, 16 fræplöntur, en aðeins fjórar eftir lifandi 1989. Ókannað er hvort þessi tvö kvæmi myndi mikið af berjum.)

Heilbrigði: Virðist að mestu alveg laus við sjúkdóma og skordýr sækja ekki í blöðin.

Notagildi: Rökkva er sennilega einn kraftmesti og besti þekjandi hélurifsklónninn, sem nær að hylja jarðvegsyfirborð og halda illgresi niðri með skuggaáhrifum af þéttum blöðum sínum. Snemmbær laufgun hefur ekki enn skemmst af vorhretum hérlendis, og er til bóta þegar á að halda illgresi í skefjum með þekjandi runnum. Rökkva er frábær þekjurunni í alls konar beð með runnaþyrpingar og trjáþyrpingar, milli trjáa, í skugga af stórum trjám, í beðkanta, stórar steinhæðir, stalla og breiðugróðursetningar með loðvíði og myrtuvíði. Þarf rakan og góðan jarðveg til að þrífast vel, þolir illa að þorna til dæmis í jarðvegslitlum beðum og haustar sig þá snemma og þrífst illa. Rökkva þrífst á byggðu bóli um allt land þökk sé stuttri vaxtarlotu, miklu harðgeri og engri kalsækni. Snemmbær laufgun gefur kærkominn iðjagrænan lit fljótt.

Mynd 28. Hélurifs 'Rökkva' á Reykjum 1. október 2014. Gróðursett 2008.

Fjölgun: Með sumargræðlingum í júlí.

Aðgangur að efniviði: Klónasafni Yndisgróðurs á Reykjum, YG númer 200.

Heimildir: Krüssmann, G. (1976-1978); Bean, W.J. (1989); Rehder, A. (1940); Viereck, L.A. og Little, E.L. (2007).

Lýst af Ólafi Sturlu Njálssyni.

Mynd 29. Hélurifs 'Rökkva' á Reykjum 3. júlí 2014. Gróðursett 2008.

Mynd 30. Á Reykjum 16. ágúst 2011.

Rosa 'Skotta' [Rugosa]

Ígulrós 'Skotta'

Uppruni: Ígulrós 'Skotta' var ræktuð upp af fræi í Grasagarði Reykjavíkur árið 1965. Fræið kom frá háskólagrasagarðinum í Wageningen í Hollandi undir heitinu *Rosa blanda* 'Betty Bland' og var rósin lengi vel ræktuð undir því heiti (Grasagarður Reykjavíkur). Rósin var fyrst tekin í framleiðslu af Skógræktarfélagi Reykjavíkur um 1980 og síðar af Ræktunarstöð Reykjavíkur þaðan sem hún fékk töluverða dreifingu um garða Reykjavíkur. Efasemdir um nafn rósarinnar birtust í Garðyrkjuritinu 1989 (Jóhann Pálsson) og eftir það var talið að rósin væri annað hvort ígulrós 'George Will' eða 'Wasagaming'. Þar sem rósin kom upp af fræi er þetta sérstakt yrki og var því gefið heiti í Garðyrkjuritinu 2010 (Hjörtur Þorbjörnsson).

Lýsing: Gróskumikil 1-1,2 m há rós og svipuð að breidd, greinar leggjast oft niður með jörðinni og rótarskot myndast gjarnan. Árssprotar eru dúnhærðir og grænir í fyrstu en verða rauðbrúnir er líður á og síðar grábrúnir. Þornhár og barkþyrnar eru misstórir og raðast óreglulega eftir greinunum.
Blöð: Stakfjöðruð með 5-9 smáblöð, 3,5-5 cm löng og 2-3,2 cm breið. Ljósgræn fyrst en dökkna er líður á sumarið, leðurkennd og hrukkótt, lóhærð á neðra borði, a.m.k. í fyrstu. Haustlitir gulir.
Blóm: Rauðbleik, fyllt, 7,5-8 cm breið, ilma vel. Krónublöð 50-95 talsins. Runninn blómstrar frá júlíbyrjun til fyrstu frosta, fyrst duglega á greinum fyrra árs en heldur áfram að blómstra á árssprotum út sumarið.
Aldin: Þroskar ekki nýpur.

Prófanir og reynsla:
Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs frá 2009 í Laugardal, Sandgerði og Blönduósi, Fossvogi 2011 og Hvanneyri 2012. Reynst harðger. Kelur þó alltaf nokkuð á hverju ári en nær samt að vaxa vel og blómstra vel á hverju ári.

Heilbrigði: Haustfeti getur farið illa með yrkið, sérstaklega þar sem órækt hefur náð fótfestu í runnanum.

Notagildi: Mjög gróskumikil og blómsæl rós sem skríður töluvert og hentar því ekki með smávaxnari plöntum. Fer vel ein sér, í röðum og þyrpingum eða með hávaxnari runnum og rósum. Getur klifrað upp netgirðingar í allt að 2,5 m hæð. Kelur nær undantekningarlaust í greinaenda og þarfnast því gjarnan snyrtingar. Þolir að vera klippt reglulega niður.

Fjölgun: Yrkinu er fjölgað með sumargræðlingum.

Aðgangur að efniviði: Yndisgarður í Laugardal, YG númer 412.

Heimildir: Grasagarður Reykjavíkur (án árs); Jóhann Pálsson (1989); Hjörtur Þorbjörnsson (2010).

Lýst af Hirti Þorbjörnssyni.

Mynd 31. Ígulrós 'Skotta' í Laugardal 14. júlí 2008.

Mynd 32. Á Blönduósi 8. ágúst 2011.

Mynd 33. Ígulrós 'Skotta' á Blönduósi 7. ágúst 2011. Gróðursett 2009.

Salix myrsinites L. 'Vala'

Myrtuvíðir 'Vala'

Uppruni: Myrtuvíðir vex villt í fjalllendi Norður-Evrópu, Norður-Asíu og austur til Kamtschatka. Vala er kvenklónn, kennd við Óla Val Hansson fyrrverandi garðyrkjuráðunaut, en árið 1963 tók hann með sér græðlinga af myrtuvíði, sem óx í Vadsö í Norður-Noregi, 70°N, í fjallinu fyrir ofan bæinn, þar sem lítið var af öðrum trékenndum gróðri (Óli Valur Hansson, samtal í júlí 2007). Vala stóð sig strax vel og fór fljótt í framleiðslu og sölu.

Lýsing: Lágvaxinn, gróskumikill, bústinn runni, rúmlega 1 m á hæð og breidd á bersvæði, en getur orðið allt að 2 m í grónu umhverfi og næringarríkum jarðvegi. Greinar dálítið hlykkjóttar, uppréttar með grábrúnan börk. Árssprotar 10-20 cm langir, rauðbrúnir til kastaníubrúnir, hærðir í byrjun, gljáandi á haustin og þéttblöðóttir. Brum rauðleit til svartfjólublá með löng, dökk hár á endanum. Lýkur vexti og myndar endabrum um miðjan ágúst.
Blöð: Egglaga-öfugegglag til lensulaga-sporbaugótt, stinn, þéttstæð, áberandi nettauguð á báðum hliðum, alltaf randhærð, aðallega kirtilsagtennt, þykk, leðurkennd, 2,5-5 cm löng og 1,5-2 cm breið, ydd í báða enda, í fyrstu hærð, seinna græn og glansa báðum megin. Mjög stuttur blaðstilkur. Axlablöð lítilfjörleg, stuttstilkuð. Haustlitur ljósbrúnn til brúnn og blöð falla ekki af greinum, heldur sölna föst á þeim. Sölnuð blöð endast lengi og finnast enn á tveggja ára greinum þrátt fyrir næðing og berangur.
Blóm: Rekill á blöðóttum stuttum stilk, þéttvaxinn, 4-5 cm langur. Margri reklar þétt saman á endum fyrraárs greina. Rekilhlífar rauðleitar með svört hár og svartan kant. Við hverja karlrekilhlíf eru tveir rauðleitir frjóþræðir og fjólubláir frjóhnappar, en kvenreklahlíf með langa, rauðbrúna stíla og fjólubláar frævur. Yrkið 'Vala' er kvenklónn með áberandi dökkrauða kvenrekla. Blómstrar í maí samtímis laufgun.
Aldin: Stuttstilkuð, ydd hýði, hvíthærð í fyrstu, seinna hárlaus, fjólublá.

Prófanir og reynsla:
Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs frá 2008 á Reykjum, Sandgerði og Blönduósi 2009, Fossvogi 2011 og Hvanneyri 2012. Hefur reynst mjög harðger.

Heilbrigði: Engir sérstakir sjúkdómar né skordýr hafa plagað myrtuvíði en nýverið hefur asparglytta valdið nokkrum skaða. Merki eftir stöku lirfuát sést á blöðum en lítið ber á lús.

Notagildi: Þrífst vel alls staðar í byggð, svæði A-B-C-D og sennilega einnig hátt upp til fjalla eins og íslenski loðvíðirinn. Harðger, vindþolinn, kelur ekkert, þolir sérok nokkuð vel. Sölnuð blöð viðhalda skjólmyndun yfir vetur. Hentar í lágvaxin klippt og óklippt limgerði, runnaþyrpingar, stakstæður og í breiðugróðursetningar t.d. með loðvíði og þúfuvíði.

Fjölgun: Með vetrargræðlingum og sumargræðlingum.

Aðgangur að efniviði: Klónasafn Yndisgróðurs á Reykjum, YG númer 110.

Heimildir: Krüssmann, G. (1976-1978); Bean, W.J. (1989); Lid, J. (1974); Rehder, A. (1940); Óli Valur Hansson (munnleg heimild).

Lýst af Ólafi Sturlu Njálssyni.

Mynd 35. Myrtuvíðir 'Vala' á Reykjum, 3. júlí 2014. Gróðursettur 2008.

Mynd 36 og 37. Haustlauf, visnuð lauf haldast út veturinn. Við tjörnina í Reykjavík, 25. febrúar 2007.

Salix 'Grásteinar'

Víðir 'Grásteinar'

Uppruni: Sjálfsáð planta í Gróðrarstöðinni Gróanda að Grásteinum í Helgadal inn af Mosfellsdal. Foreldrar taldir vera *Salix myrsinifolia var. borealis* (faðir) og *Salix phylicifolia* 'Brekka' (móðir). Um 1980 lét Óli Valur Hansson gróðursetja í eitt limgerði um 2.000 sjálfsáðum plöntum sem stóðu í reit hjá viðju og brekkuvíði í Gróanda. Nokkrum árum síðar valdi hann 12 klóna sem hann gróðursetti á Reykjum, þar á meðal voru Hreggstaðavíðir og Grásteinavíðir sem voru settir í sölu um 1990 (Samson B. Harðarson, 2013).
Björn Sigurbjörnsson í Gróðrarstöðinni Gróanda gaf klóninum nafnið grásteinavíðir og seldi hann í nokkur ár. Ólafur Sturla Njálsson telur ekki hægt að fullyrða að yrkið 'Grásteinar' sé nákvæmlega sama erfðaefni og það sem stendur, og var selt í Gróanda. Í skjólbeltinu í Gróanda eru þeir „grásteinavíðisklónarnir“ nauðalíkir að sjá. En ekki er hægt að vera alveg viss, eftir að ljóst var hversu gífurlega líkar margar fræplantnanna voru og eru úr sáningunni í Gróanda upp af blöndunni S. myrsinifolia var. borealis × Salix phylicifolia 'Brekka'. Ólafur Sturla Njálsson telur því réttara að skrifa Nátthagi ex. Reykir ex. Gróandi, til að menn fái örugglega þann klón sem seldur er undir yrkisheitinu 'Grásteinar' og notaður er í Yndisgróðursverkefninu. Þegar kemur að því að aðrir óska eftir að framleiða klóninn er mikilvægt að Yndisgróður geti afhent upprunavottað fjölgunarefni um að klónninn sé ekki sóttur á fleiri en einn stað. Annar blendingsklónn úr sömu sáningu er rökkurvíðir, en hann vinsaði Ólafur Sturla Njálsson úr blönduðu hreggstaðavíðilimgerði á Selfossi vorið 1997. Hreggstaðavíðir er kvenklónn, en rökkurvíðir karlklónn. Víðir 'Grásteinar' er karlklónn.

Lýsing: Kraftmikill, hávaxinn runni, allt að 6 m hár. Árssprotar kröftugir, stífir með sléttan fallegan, dökkan, dálítið gljáandi börk. Greinar með gráan börk. Árssprotar eru annars vegar langsprotar sem vaxa kröftuglega allt að metra á ári í frjósömum jarðvegi og hins vegar stuttsprotar sem eru 5-15 cm langir og mynda mikið af blómbrumum. Brum dökk, börkur grár til dökkgrár.
Blöð: Breiðlensulaga, ávalur grunnur, frekar stuttydd, bogtennt, stinn, með sterkt glansandi og slétt efra borð, en grængráu neðra borði, hárlaus báðum megin. Haustlitur gulur í september.
Blóm: Stuttir skærgulir karlreklar, 3-4 cm langir. Blómstrar fyrir laufgun.
Aldin: Engin (karlklónn).

Prófanir og reynsla:

Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs frá 2009 í Sandgerði og á Blönduósi 2011. Hefur reynst mjög harðger, en í Sandgerði hefur hreggstaðavíðir drepist vegna víðiryðs.

Aðrar prófanir: Var í samanburðartilraun á Reykjum (staðsett neðan við Bananahús í fyrstu, en endurnýjuð og flutt í Reit I á Tumavöllum 1987), ásamt þremur öðrum klónum frá Hreggstöðum (Gróanda) merktir HSH1 – HSH4. Ólafur Sturla Njálsson tók með sér græðlinga í Nátthaga við endurnýjun tilraunaplantnanna fyrir nýjan tilraunareit á Reykjum. Í Nátthaga er þessi grásteinavíðir áberandi harðger og vindþolinn.

Heilbrigði: Ekki ber á lús og lirfunagi á blöðum að neinu marki. Ryðsveppur getur myndað stórar appelsínugular doppur á blöðum, sérstaklega til að byrja með á ungum plöntum, en þær bera ekki skaða af. Flest ár ber ekki á ryðsveppi yfirhöfuð. Grásteinavíðir virðist því vera með sterka mótstöðu gegn ryðsveppnum og hristir hann af sér. Árssprotar standa ávalt óskemmdir eftir og algerlega ókalnir. Stöku tjörusveppsdoppur má stundum finna. Bæði ryðsveppurinn og tjörusveppurinn líta eins út á grásteinavíði og á móðurinni brekkuvíði.

Notagildi: Kraftmikill runni í skjólbelti og grófari limgerði sem vex hratt upp í frjósömum jarðvegi. Hann heldur uppréttu vaxtarlagi sínu þrátt fyrir ríkjandi vindáttir ólikt sumum víðitegundum eins og alaskavíði. Hann þolir einnig vel saltágjöf nálægt sjó. Hæstu skjólbelti eru um 5-6 m há ofarlega í Mosfellsdal gegnt berangri og þrálátum austan- og norðanáttum. Grásteinavíðir er trúlega með því sterkasta sem treysta má að myndi fljótt skjól í berangurslegum nýbyggingahverfum sem standa mjög áveðurs. Sérstakt við grásteinavíði er ríkuleg blómgun áður en limgerðin laufgast og sama hversu mikið þau eru klippt árlega þökk sé fjölda stuttsprota með mikið af blómbrumum.

Mynd 38. Víðir 'Grásteinar' á Blönduósi 22. júlí 2014.

Fjölgun: Með vetrargræðlingum.

Aðgangur að efniviði: Klónasafn Yndisgróðurs í Sandgerði. YG númer 301.

Heimildir: Samson B. Harðarson (2013); Jonsell, B. (2000): 187.

Lýst og prófað af Ólafi Sturlu Njálssyni.

Mynd 39. Víðir 'Grásteinar' á Blönduósi 20. september 2014. Gróðursettur í júní 2011.

Spiraea 'Máni'

Kvistur 'Máni'

Uppruni: Upprunaleg planta yrkisins var ræktuð upp af fræi í Grasagarði Reykjavíkur árið 1974. Fræið kom frá Háskólagrasagarðinum í Rostock undir tegundarheitinu *Spiraea uratensis* og fékk sú tegund íslenska heitið mánakvistur (Grasagarður Reykjavíkur). Yrkið sem um ræðir fellur þó ekki að öllu leyti undir tegundarlýsingu *S. uratensis* (Rehder, 1986; eFloras, 2008). Til að mynda eru blöð yrkisins ekki heilrennd og hálfsveipir blómanna eru aðeins að mjög litlum hluta samsettir. Því verður að teljast mögulegt að yrkið sé blendingur að minnsta kosti tveggja tegunda og að *S. uratensis* eða blendingur við þá tegund sé fræmóðir yrkisins. Þar sem ekki er vitað til þess að hin rétta *S. uratensis* sé til í ræktun hérlendis er það tillaga yrkisnefndar Yndisgróðurs að í ljósi hefðar fái yrkið að halda vísun sinni í tunglið og verði þar með 'Máni', og að *S. uratensis* verði fundið annað íslenskt heiti. Sigurður Albert Jónsson vakti athygli á þessum runna í grein í Garðyrkjuritinu 1985 og var hann fljótlega eftir það tekinn til ræktunar í Ræktunarstöð Reykjavíkur.

Lýsing: Þéttgreindur lauffellandi runni með miðlungsvaxtarkraft, 1,5-2 m hár og breiður. Upprétt vaxtarlag en greinar útsveigðar. Árssprotar sívalir eða lítið eitt strendir, grænir í fyrstu en verða fljótlega rauðbrúnir og eldri greinar grábrúnar. Brum með tvö brumhlífarblöð, egglaga og langydd. Skríður lítillega.
Blöð: Stakstæð, dökkgræn á efra borði en grámött á því neðra, hárlaus, með yddan blaðgrunn, breiðsporöskjulaga til öfugegglaga og flest blöð bogtennt á efsta þriðja hluta, allt að 3,8 cm löng, þó oftast um 1,5 cm löng og allt að 1,9 cm breið. Haustlitir gulir, stundum appelsínugulir og rauðir.
Blóm: Blóm hvít í hálfsveipum á endum laufgaðra smágreina sem koma á útsveigðar fyrraársgreinar. Hálfsveipir eru allt að 3 cm breiðir og eru neðstu blómstilkar þeirra samsettir. Blómstrar í júlí.
Aldin: Hýðisaldin, lítið áberandi.

Prófanir og reynsla:
Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs síðan 2008 á Reykjum, Sandgerði og Blönduósi 2009, Fossvogi 2011 og Hvanneyri 2012. Reynst harðger. Hefur kalið lítillega í haustfrostum í Sandgerði og á Blönduósi.

Heilbrigði: Heilbrigður runni sem hvorki skordýr né sérstakir sjúkdómar herja á.

Notagildi: Meðalstór gróskumikill runni sem hentar á sólríkum stöðum einn sér eða með öðrum stórum runnum í þyrpingum og sólarmegin í jaðri trjábeða. Hentar einnig í óklippt limgerði, þolir klippingu vel en blómstrar þá lítið. Hentar best á opnum grænum svæðum en einnig í einkagarða. Minnir nokkuð á sunnukvist í blóma en er með mýkri og fíngerðari greinabyggingu.

Fjölgun: Með sumargræðlingum.

Aðgangur að efniviði: Klónasafn Yndisgróðurs á Reykjum YG númer 228.

Heimildir: Rehder, A. (1986); Grasagarður Reykjavíkur (án árs); Ræktunarstöð Reykjavíkur (án árs); Sigurður Albert Jónsson (1985); eFloras (2008).

Lýst af Hirti Þorbjörnssyni.

Mynd 40. Kvistur 'Máni' í skrúðgarðinum Laugardal 14. ágúst 2008.

Mynd 41. Kvistur 'Máni', blóm og blöð. Í Skrúðgarðinum Laugardal 14. ágúst 2008.

Spiraea betulifolia L. 'Ísland'

Birkikvistur 'Ísland'

Uppruni: Þetta yrki birkikvists er gríðarlega vinsælt hér á landi, enda mjög harðgert, auðræktað og fallegt. Klónninn virðist vera sá fyrsti af tegundinni sem kemst í almenna ræktun hér á landi og virðist það gerast á seinni hluta sjöunda áratugar síðustu aldar. Ekki eru til ritaðar heimildir um uppruna þess en Sigurður Blöndal og Indriði Indriðason sögðu báðir að klónninn hefði komið upp af fræi sem Ekaterina Furtsova, menntamálaráðherra Sovétríkjanna, hefði komið með í opinberri heimsókn sinni til Íslands 1961 og gefið íslensku þjóðinni (símtöl 22.12.2012). Indriði var skógarvörður í Fljótshlíð hjá Skógrækt ríkisins að Tumastöðum og sagði að fleiri tegundir hefðu verið í pakkanum en aðeins birkikvisturinn hefði komist í sölu.

Lengst framan af var klónninn ræktaður sem *Spiraea betulifolia* og bar íslenska heitið birkikvistur. Síðar var talið að klónninn væri tegund eða tegundablendingur alls óskyldur *S. betulifolia* og því var heiti kvistsins ritað *Spiraea* sp. 'Birkikvistur' (Jóhann Pálsson, 1989). Því til rökstuðnings var tilgreint að klónninn væri af Pilosae syrpu ættkvíslarinnar (væntanlega skv. Pojarkova, 1939; Ólafur B. Guðmundsson, 1989), en þeirri syrpu tilheyra m.a. *S. pilosa* og *S. pubescens*. Þetta fæst þó ekki staðist þar sem klónninn er með samsetta hálfsveipi og er það einkenni *S. betulifolia* og skyldra tegunda (m.a. *S. japonica*). Útlitseinkenni klónsins passa vel við tegundalýsingu *S. betulifolia* og ekki er ástæða til að ætla að hann sé önnur tegund eða tegundablendingur. Þegar efasemdir um greiningu klónsins komu fram á sínum tíma var klóninum leyft að halda íslensku heiti sínu en farið var að kalla *S. betulifolia* heiðakvist. Því verður að álíta sem svo að hið rétta heiti á *S. betulifolia* sé birkikvistur og að heiðakvistur sé samheiti. Yrkisheitið 'Island' var gefið af norsku garðplöntustöðinni Draglands Planteskole í Troms sem hafði fengið klóninn frá Íslandi (Vike, 2006).

Lýsing: Uppréttur og þéttgreindur laufrunni með miðlungsvaxtarkraft, rúmlega 1 m á hæð og breidd. Greinar brúnar til rauðbrúnar, eldri greinar grábrúnar. Brum stakstæð, egglaga og ydd.
Blöð: Stakstæð, breiðöfugegglaga til breiðsporöskjulaga, allt að 4,8 cm löng og 4 cm breið, dökkgræn á efra borði en grágræn á því neðra. Haustlitir gulir og rauðir, oft mjög áberandi
Blóm: Blóm hvít í samsettum hálfsveipum, allt að 4 cm breiðum, á endum árssprota eða misstórra smágreina sem vaxa frá árssprotum síðasta árs. Blómstrar í júlí.
Aldin: Hýðisaldin, lítið áberandi.

Prófanir og reynsla:

Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs frá 2008 á Reykjum, Sandgerði og Blönduósi 2009, Fossvogi 2011 og Hvanneyri 2012. Reynst mjög harðger.

Heilbrigði: Heilbrigður runni sem hvorki skordýr né sérstakir sjúkdómar herja á.

Notagildi: Einstaklega harðger, hálfkúlulaga runni með falleg laufblöð og rauða haustliti. Má nota í þyrpingar, jaðra beða, ker og klippt eða óklippt limgerði á sólríkari stöðum. Þekur vel ef gætt er að því að gras nái ekki að koma sér fyrir í honum í upphafi. Getur kalið illilega á eldri greinum í einstaka vetrum en þolir vel að vera klipptur niður. Rauðleitar greinar á vetrum fara vel með gráleitum og sígrænum plöntum. Laufgast seint og getur því verið gott að nota vorfallegar plöntur með.

Fjölgun: Með sumargræðlingum.

Aðgangur að efniviði: Klónasafn Yndisgróðurs á Reykjum, YG númer 112.

Heimildir: Jóhann Pálsson (1989); Fræ 34 tegunda (1961, 8. júní); Ólafur B. Guðmundsson (1989); Pojarkova, A.I. (1939); Businská, R. og Businská, L. (2002); Vike, E. (2006).

Lýst af Hirti Þorbjörnssyni.

Mynd 42. Birkikvistur 'Ísland' á Reykjum 6. júlí 2011. Gróðursettur 2008.

Mynd 43. Haustlitir, á Reykjum 1. október 2010. Gróðursettur 2008.

Mynd 44. Birkikvistur 'Ísland' á Reykjum 3. júlí 2014.

Spiraea japonica L. 'Oddi'

Japanskvistur 'Oddi'

Uppruni: Japanskvistur er kenndur við Japan en vex einnig villtur í Kína, Kóreu og Himalaya-fjöllum. Áður sérgreindar tegundir eins og til dæmis *Spiraea callosa*, *S. albiflora*, *S.* × *bumalda*, *S. bullata* og *S.* × *lemonei* eru nú sameinaðar undir nafninu *Spiraea japonica*, m.a. sem undir-tegundir og afbrigði. Nafngreind yrki af gömlu tegundunum halda sínu gamla yrkisheiti en heyra nú undir japanskvist. Oddi er afrakstur af innflutningi Ólafs Sturla Njálssonar á græðlingum frá Grasagarðinum í Gautaborg í september 1985. Móðurrunninn í Gautaborg er af fræi frá Nagano Nishidake fjallgarðinum, 1800 m.y.s. í Japan. Yrkisheitið er dregið af óvenjulangyddum blöðum.

Lýsing: Japanskvistur er mjög breytilegur í stærð, útliti og blómlitum, allt að 1,5 m hár og breiður runni. Oddi er breiðvaxinn runni með áberandi stífar, uppstæðar greinar, 50-60 cm hár og 50-80 cm breiður. Greinar uppstæðar, strendar. Árssprotar lítið greinóttir, hárlausir eða dálítið hærðir í byrjun og rákóttir. Brum egglaga-egglensulaga, ydd.
Blöð: Langegglaga, mjóegglaga, breiðlensulaga blöð, kíllaga grunnur, ydd, 2-8 cm löng, tvísag-tennt, efra borð grænt, neðra borð grágrænt og dálítil hæring á æðastrengjum. Blöð verða oft rauðleit (anthocían) um leið og blómgun byrjar. Mæling á blöðum Odda gaf lengd 6,6-10,3 cm og breidd 2,2-3,5 cm, mjóegglaga og áberandi langydd, töluvert lengri en blöð á yrkjunum Óla, Eiríki rauða og flestum gulu og rauðu litafbrigðunum nema Firelight, sem er með svipaða blaðlögun en minni blöð. Blaðstilkar mældust 1-3 cm langir. Haustlitur sterkur og áberandi, í ýmsum tilbrigðum af rauðu, appelsínugulu, gulu og byrjar iðulega að sjást um leið og blómgun hefst.
Blóm: Blóm 6 mm breið, mörg saman í skærbleikum, myndarlegum, endastæðum 5-12 cm breiðum, flötum hálfsveip. Fræflar talsvert lengri en krónublöð og mynda slör yfir blómunum. Fyrstu blómin opnast í lok júlí og blómstrar Oddi ríkulega fram í mikil haustfrost.
Aldin: Útstæð fræhýði.

Prófanir og reynsla:

Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs frá 2008 á Reykjum, Sandgerði og Blönduósi 2009, Fossvogi 2011 og Hvanneyri 2011. Reynst harðger, kól töluvert haustið 2013 á Blönduósi.

Heilbrigði: Engir sérstakir sjúkdómar né skordýr plaga Odda.

Notagildi: Oddi er blómviljugur, þéttgreinóttur, lágvaxinn runni sem lengir blómgunartíma sumars frá ágúst og fram í alvarleg haustfrost. Hann fer vel bæði stakstæður í blómabeðum, sem bryddingar á beðkanta, í þyrpingar, í steinhæðir, stalla og til að klæða beð í kringum hástofna tré á sólríkum stöðum, en þrífst einnig vel í hálfskugga. Einnig hentar hann í breiðugróðursetningar með ýmsum lágvöxnum runnategundum. Hann blómstrar á árssprota sumarsins og helst snyrti-legastur með stýfingu niður til hálfs á hverju vori. Oddi þrífst vel á svæði A-B-C, er harðgerður þrátt fyrir árvisst haustkal eins og almennt er á haustblómstrandi runnum. Vorkal lækkaði Odda töluvert kalda vorið 2011, en þeir unnu sig fljótt upp aftur með nýjum árssprotum frá grunni.

Fjölgun: Með sumargræðlingum.

Aðgangur að efniviði: Klónasafn Yndisgróðurs á Reykjum. YG númer 222.

Heimildir: Krüssmann, G. (1976-1978); Bean, W.J. (1989); Rehder, A. (1940).

Lýst af Ólafi Sturlu Njálssyni.

Mynd 45. Japanskvistur 'Oddi' á Reykjum 16. ágúst 2011. Gróðursettur 2008.

Mynd 46. Japanskvistur 'Oddi' á Reykjum 6. júlí 2011. Gróðursettur 2008.

Mynd 47. Japanskvistur 'Oddi', blóm og blöð.

Symphoricarpos albus (L.) S.F.Blake 'Svanhvít'

Snjóber 'Svanhvít'

Uppruni: Ræktunarstöð Reykjavíkur sáði til yrkisins 1988. Fræið kom frá Ási í Noregi en á uppruna sinn við Francois Lake í British Columbia, 800 m.y.s. Fjórar plöntur úr þessari sáningu voru gróðursettar sem móðurplöntur og leikur því grunur á að yrkið samanstandi af allt að fjórum mjög líkum einstaklingum. Yrkið var fljótlega tekið í framleiðslu sökum þess að berjamyndun var áberandi góð og gekk yrkið lengi vel undir nafninu 'Se Blake', en það er misritun nafns þess sem lýsti tegundinni fyrst, S.F.Blake. Yrkinu var gefið nafnið 'Svanhvít' árið 2007 eftir fyrrverandi starfsmanni Ræktunarstöðvarinnar, Svanhvíti Konráðsdóttur.

Lýsing: Marggreindur fínlegur laufrunni með miðlungsvaxtarkraft, 1-1,5 m á hæð og breidd. Getur breitt töluvert úr sér með rótarskotum. Árssprotar gulbrúnir, eldri greinar grábrúnar. Brum gagnstæð, 1,5 mm löng, ávöl og með mörgum brumhlífarblöðum.
Blöð: Gagnstæð, sporbaugótt til breiðegglaga, heilrennd en geta verið óreglulega bugtennt eða sepótt á kraftmiklum árssprotum og rótarskotum, allt að 5,3 cm löng og 3 cm breið, jafnvel stærri á kraftmiklum rótarskotum, dökkgræn á efra borði, hárlaus en ljósgrænni og lítið hærð á neðra. Haustlitir gulir, en blöð frjósa oft græn í haustfrostum.
Blóm: Hvít og bleikfjólublá, oft 10-16 saman í klasa með mjög stutta blómstilka. Blómin eru u.þ.b. 6 mm löng og hærð að innan. Klasarnir geta verið endastæðir og hliðstæðir á árssprotunum. Yrkið 'Svanhvít' hefur óvenjumörg blóm í hverjum klasa miðað við aðra klóna sem hafa verið í framleiðslu til þessa. Blómstrar upp úr miðjum júlí og stendur blómgun oft yfir fram í fyrstu frost.
Aldin: Steinaldin með tveimur fræjum, hvít, bleikmenguð fyrst en lýsast, 6-15 mm langt, hnattlaga til aflangt. Yrkið 'Svanhvít' þroskar mikið af aldinum sem haldast á runnanum fram í janúar.

Prófanir og reynsla:
Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs frá 2008 á Reykjum, Sandgerði og Blönduósi 2009, Fossvogi 2011 og Hvanneyri 2012. Hefur reynst harðger en er skógarbotnstegund og þarf því nokkuð skjól til að þrífast vel og er lengi að koma til þar sem skjól er ekki nægilegt.

Heilbrigði: Ekki hefur borið á neinum tilfinnanlegum skemmdum af völdum skordýra eða sveppasjúkdóma.

Notagildi: Einn besti runni sem völ er á í þyrpingar í skugga undir trjám og byggingum. Hentar vel ein sér eða með stórvaxnari runnum til að loka jaðri beða sérstaklega skuggamegin. Skríður töluvert. Er skógarbotnstegund og þarf nokkuð skjól til að þrífast vel, er annars lengi að koma sér af stað. Þolir illa norðanveður að sumarlagi. Er prýddur hvítum berjum í klösum sem geta staðið á runnunum langt fram eftir vetri. Lítillega eitruð og ætti því ekki að nota við leiksvæði barna.

Fjölgun: Með sumargræðlingum.

Aðgangur að efniviði: Klónasafn Yndisgróðurs á Reykjum, YG númer 236.

Heimildir: Ræktunarstöð Reykjavíkur (án árs).

Lýst af Hirti Þorbjörnssyni.

Mynd 48. Snjóber 'Svanhvít' 30. ágúst 2010, blóm og blöð.

Mynd 49.Vetrarútlit í Laugardal 7. desember 2009. Gróðursett 2008.

Mynd 50. Snjóber 'Svanhvít' á Reykjum 16. ágúst 2011.

Syringa 'Villa Nova'

Sýrena 'Villa Nova'

Uppruni: Ekki er vitað fyrir víst hver uppruni yrkisins er en skömmu fyrir 1970 var Vilhjálmur Sigtryggsson, þá framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Reykjavíkur beðinn um að geyma nokkrar sýrenuplöntur sem síðan voru aldrei sóttar. Að sögn Vilhjálms höfðu þessar plöntur komið úr garðplöntustöð Jóns H. Björnssonar í Alaska og voru þær ólíkar hver annarri (munnleg heimild 20.05.2012). Nokkru síðar valdi hann þá fegurstu af þeim og gróðursetti við nýbyggt hús sitt. Af þeirri plöntu voru græðlingar teknir til framleiðslu yrkisins hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur um 1985. Þar var fljótlega farið að kalla hana 'Villa Nova' til aðgreiningar frá öðrum sýrenum og þó hún hafi ekki verið lengi í framleiðslu hjá skógræktinni þá hefur ræktun hennar aukist jafnt og þétt í síðari tíð, sérstaklega hjá garðyrkjudeild borgarinnar (Jóhann Pálsson, 1998). Sýrenan 'Villa Nova' er af yrkjahópi sumarsýrena (Villosae Group; Hoffman, 2004) en það eru yrki sem hafa verið valin úr tegundum Villosae hóp ættkvíslarinnar eða blendingum þeirra. Yfirleitt er sýrena 'Villa Nova' seld undir heitinu *Syringa josikaea* 'Villa Nova' (Gljásýrena 'Villa Nova'), en það skal ekki metið hér hvort slíkt sé réttmætt, yrkisheitið er látið nægja.

Lýsing: Hávaxinn marggreindur laufrunni, allt að 4 m á hæð og jafnvel hærri.
Blöð: Gagnstæð, lensulaga, 11-13,5 cm löng og 4-5,8 cm breið, ydd. Dökkgræn, hrukkótt, með greinilegum niðursokknum blaðæðum svo að yfirborð blaðsins bylgjast. Hærð, en hæring veðrast fljótt af á efra borði blaða. Blaðstilkur rauðbrúnn.
Blóm: Í nokkuð stórum og gisnum samsettum klösum þar sem neðstu greinar klasans geta verið jafn stórar og miðklasinn. Einnig geta nokkuð stórir blómklasar myndast í blaðöxlum undir meginblómklasanum. Við blómgun verða greinar nokkuð útsveigðar og virðast því blómklasarnir hanga lítillega. Greinar blómklasans eru rauðbrúnar. Blómin eru lillablá til bleikblá þegar þau eru fullútsprungin en með dekkri og rauðari tóna óútsprungin og þar sem blóm klasans blómstra ekki samtímis er runninn nokkuð litbrigðaríkur yfir blómgunartímann. Krónusepar pípukrónu útflattir fullblómgaðir. Blómstrar í júlí.
Aldin: Hýðisaldin, lítið áberandi.

Prófanir og reynsla:
Í yndisgörðum: Hefur verið í tilraun á vegum Yndisgróðurs frá 2008 á Reykjum, Sandgerði og Blönduósi, Fossvogi 2011 og Hvanneyri 2012. Reynst ein harðgerasta og blómviljugasta sýrena í safni Yndisgróðurs ásamt sýrenu 'Hallveig' sem er í rannsókn um blómgun sýrena í klónasafni Yndisgróðurs á Reykjum.

Heilbrigði: Heilbrigður runni sem hvorki skordýr né sérstakir sjúkdómar herja á. Virðist þola ágætlega næðing og kulda að vori.

Notagildi: Stórvaxinn langlífur og lítið umhirðukrefjandi runni, nokkuð vind- og saltþolinn sem hentar bæði í einkagarða og opin græn svæði. Hentar vel stakstæður í grasflöt eða með lágvaxnari runnum, prýðisgóður í hávaxið óklippt limgerði og sólarmegin framan við tré og jafnvel í skjólbeltum. Ekki fer vel að gróðursetja sýrenur þétt saman með öðrum sýrenum.

Fjölgun: Með sumargræðlingum.

Aðgangur að efniviði: Klónasafn Yndisgróðurs á Reykjum, YG númer 145.

Heimildir: Jóhann Pálsson (1998); Hoffman, M.H.A. (2004); Fiala, J.L. (2008).

Lýst af Hirti Þorbjörnssyni.

Mynd 51. Sýrena 'Villa Nova' á Reykjum 11. júlí 2013. Gróðursett 2008.

Mynd 52 og 53. Sýrena 'Villa Nova' í Grasagarðinum, 28. júní 2005.

Lokaorð

Vaxtarskilyrði fyrir tré og runna eru ekki þau sömu á Íslandi og víðast hvar í nágrannalöndunum. Með áralangri reynslu og dugnaði þeirra sem fengist hafa við ræktun og framleiðslu plantna hér á landi hefur náðst góður árangur með fjölmargar plöntutegundir. Valdar tegundir hafa dafnað vel og sannað ágæti sitt sem íslenskar garð- og landslagsplöntur. Með auknum áhuga, góðu tíðarfari undanfarin ár og breytingum á tollalögum er varða innflutning plantna hafa margar spennandi og framandi tegundir bæst við framboðið af garð- og landslagsplöntum. Ólíkt þeim plöntum sem áralöng reynsla er komin á hafa nýjar tegundir og óreynd yrki ekki enn náð að sanna ágæti sitt við íslenskar aðstæður og eru yfirleitt ekki aðlöguð þeim aðstæðum sem hér ríkja. Yrki sem hafa verið valin til ræktunar á Íslandi eru yfirleitt ekki framleidd eða seld erlendis og því er mikilvægt að við leggjum okkur fram um að viðhalda og varðveita þetta úrval íslenskra garðplantna og tryggja að það glatist ekki vegna samkeppni við innfluttar plöntur af óreyndum tegundum og yrkjum.

Stór hluti af þeim efniviði trjáa og runna sem valist hefur til ræktunar á Íslandi hefur nú verið komið fyrir í yndisgörðum á vegum Yndisgróðurs. Þessir garðar munu gegna mikilvægu hlutverki í varðveislu þessarar erfðalindar fyrir garðræktun á Íslandi um ókomna framtíð. Rannsóknir og lýsingar á þeim efnivið sem safnað hefur verið munu einnig stuðla að viðhaldi, notkun og varðveislu þessara yrkja. Sérstaklega er þörf á kerfisbundnum úrvalsathugunum þar sem harðgeri, notkunarmöguleikar og reynsla ólíkra yrkja valinna plöntuhópa yrðu metin og úrvalsplöntur valdar og jafnvel markaðssettar sérstaklega.

Yrkislýsingarnar sem hér eru birtar rekja uppruna og skrásetja útlit og einkenni plantnanna. Lýsingarnar geta nýst framleiðendum til að ganga úr skugga um hvaða yrki er verið að vinna með en þær eru ekki þess eðlis að þær nýtist beint í sölu og markaðssetningu. Það má nýta þær sem grunn að einfaldari, notendavænni lýsingum. Þær eru þó fyrst og fremst gerðar til að meta gildi gamalla íslenskra klóna, safna saman upplýsingum um uppruna þeirra og gera ítarlegar lýsingar á plöntunum. Áherslan var á að lýsa þeim þáttum sem aðgreina þær frá öðrum klónum þannig að hægt sé að viðurkenna þær sem sérstakt yrki. Auk gamalla klóna var valið að lýsa nokkrum plöntum sem sýndu góðan árangur í Alaskaverkefni Ólafs Sturlu Njálssonar þar sem rannsóknir á harðgeri þeirra voru langt á veg komnar. Markmiðið er að lyfta völdum, mikilvægum garð- og landslagsrunnum upp um flokk í Ratansú módelinu og meta gildi þessara yrkja sem íslenskra úrvalsplantna. Er þetta einn liður í því, þótt vissulega séu fleiri þættir sem skipta þar máli, svo sem harðgeri, staðbundnar aðstæður eftir landshlutum og sjúkdómar eða óværa sem geta komið upp. Margar aðrar tegundir komu til greina og er þetta því aðeins byrjun á stærra verkefni sem markar upphaf að samræmdum lýsingum á þeim fjölmörgu tegundum sem hafa verið í ræktun og notaðar á ýmsum vettvangi, svo sem í einka- og almenningsgörðum, á leiksvæðum og öðrum opnum svæðum eins og við umferðamannvirki, í landgræðslu, skógrækt eða skjólbelti.

Heimildir

Arnór Snorrason, Stefán Freyr Einarsson, Tumi Traustason og Fanney Dagmar Baldursdóttir (2001). *Landsúttekt á skógrækarskilyrðum. Áfangaskýrsla 1997 – 2002 fyrir Norðurland.* Rit Mógilsár Rannsóknarstöðvar Skógræktar. Nr. 6/2001.

Ásgeir Svanbergsson. (1989). *Tré og runnar á Íslandi.* (2. útgáfa). Örn og Örlygur, Reykjavík.

Bean, W.J. (1989). Trees and Shrubs Hardy in the British Isles. (8. útgáfa). John Murray, London.

Bryndís Pétursdóttir (1992). Tilraunir í garðplöntu- og skógplönturækt á Íslandi. *Aðalverkefni nemenda, Garðyrkjuskóla ríkisins*, Reykjum, Ölfusi.

Businská, R. og Businská, L. (2002). The genus Spiraea in cultivation in Bohemia, Moravia and Slovakia. *Acta Pruhoniciana* 72.

eFloras (2008). Skoðað 17.08.2010 á http://www.efloras.org, Missouri Botanical Garden, St. Louis, MO & Harvard University Herbaria, Cambridge, Massachusetts.

Fiala, J.L. (2008). *Lilacs: a gardener's encyclopedia*. (2. útgáfa). Ritstjóri: Vrugtman, F. Timber Press, Portland.

Fræ 34 tegunda (1961, 8. júní). Tíminn, bls. 1.

Grasagarður Reykjavíkur (án árs). *Sóley - Gagnagrunnur Grasagarðs Reykjavíkur*. Skoðað 06.03.2012.

Hansen, O.B. (2008). *Landskapsplanter. Lignoser i emnet PHG213*. (2. útgáfa). UMB, Ås.

Haukur Ragnarsson (1977). Um skógræktarskilyrði á Íslandi. Í: *Skógarmál* (afmælisrit Hákons Bjarnasonar). Prentsmiðjan Edda, Reykjavík, 224-247.

Hjörtur Þorbjörnsson (2010). Af Laugardals-skottu. *Garðyrkjuritið* 90, 70-73.

Hjörtur Þorbjörnsson (1999). Garðurinn Hrísateigi 6. *Aðalverkefni nemenda, Garðyrkjuskóla ríkisins,* Reykjum, Ölfusi.

Hoffman, M.H.A. (2004). Syringa Villosae Group - first cultivar group in Syringa. *Lilacs* 33(1), 25-27.

Hu, S.Y. (1955). A monograph of the genus Philadelphus. *Journal of the Arnold Arboretum* 36, 52-109.

ISHS. (2009). *International Code of Nomenclature for Cultivated Plants.* (8. útgáfa). Ritstjórar: Brickell, C.D., Alexander, C., David, J.C., Hetterscheid, W.L.A., Leslie, A.C., Malecot, V., Xiaobai, Jin, Cube, J.J. Leuven: ISHS.

Jalas J. (1972). Philadelphus caucasicus Koehne var. glabratus Hu, an old ornamental in Finland. *Annales Botanici Fennici* 9(3), 160-162.

Jonsell, B. (ritstjóri) (2000). *Flora Nordica.* Bergianska stiftelsen ,Stockholm.

Jóhann Pálsson (1998). Sýrenuspjall, *Garðyrkjuritið* 78, 7-18.

Jóhann Pálsson (1989). Endurskoðaðar greiningar á nokkrum vinsælum garðrunnum. *Garðyrkjuritið* 69, 199-206.

Kristmann Guðmundsson (1961). *Garðaprýði: kver handa áhugamönnum um ræktun skrúðgarða.* Helgafell, Reykjavík.

Krüssmann, G. (1976-1978). *Handbuch Der Laubgehölze*. (2. útgáfa). Paul Parey, Berlin og Hamburg.

Krüssmann, G. (1986). *Manual of Cultivated Broad-leaved Trees and Shrubs.* Timber Press, Portland.

Lid, J. (1974). *Norsk og Svensk flora.* Det Norske Samlaget, Oslo.

Lubell, J.D., Brand, M.H. and Lehrer, J.M. (2008). AFLP identification of Berberis thunbergii cultivars, inter-specific hybrids, and their parental species. *Journal of Horticultural Science & Biotechnology* 83(1), 55-63.

Ólafur B. Guðmundsson (1989). Viðurkennd íslensk plöntunöfn, samþykkt af nefnd um íslensk háplöntuheiti. *Garðyrkjuritið* 69, 127-150.

Ólafur Sturla Njálsson. (1999). Úrvinnsla Alaskaverkefnis frá 1985. Í: Brynjólfur Jónsson (ritstjóri), *Skógræktarritið 1999, ársrit Skógræktarfélags Íslands*, Prentsmiðjan Viðey, Reykjavík, 23-51.

Ólafur Sturla Njálsson. (2005). *Tré og runnar. Fjölrit í þremur hlutum fyrir kennslu.* Gefin út af Ólafi Sturlu Njálssyni.

Óli Valur Hansson (ritstjóri). (1976). *Skrúðgarðabókin.* (2. útgáfa). Garðyrkjufélag Íslands, Reykjavík.

Pojarkova, A.I. (1939), Spiraea L. Í: Komarov, V.L. og Jusepczuk, S.V. (ritstjórar), *Flora of the U.S.S.R,* Vol. IX. Rosales og Sarraceniales þýddu úr rússnesku. Bishes Singh Mahendra Pal Singh and Koeltz Scientific Books. 218-235.

Rehder, A. (1940). *Manual of Cultivated trees and shrubs hardy in North America exclusive of the subtropical and warmer temperate regions.* (2. útgáfa). Collier Macmillan, New York.

Ræktunarstöð Reykjavíkur (án árs). *Spjaldskrá Ræktunarstöðvar Reykjavíkur*. Skoðuð 21.05.2012.

Samson B. Harðarson (2013). Söfnun og varðveisla ræktaðra íslenskra víðiyrkja. Yndisgróður Landbúnaðarháskóla Íslands, Hvanneyri.

Samson B. Harðarson (2006). Snækóróna 'Þórunn Hyrna', *Garðyrkjuritið* 86, 63-67.

Samson B. Harðarson (1995). Toppar – Lonicera. *Garðyrkjuritið* 75, 98-107.

Stefán Freyr Einarsson og Arnór Snorrason (2002). *Landsúttekt á skógrækarskilyrðum. Áfangaskýrsla 1997 – 2002 fyrir Suðurland og Suðvesturland.* Rit Mógilsár Rannsóknarstöðvar Skógræktar. Nr. 17/2002.

Stefán Freyr Einarsson, Lárus Heiðarsson og Arnór Snorrason (2002). *Landsúttekt á skógrækarskilyrðum. Áfangaskýrsla 1997 – 2002 fyrir Austurland.* Rit Mógilsár Rannsóknarstöðvar Skógræktar. Nr. 13/2002.

Sigurður Albert Jónsson (1985). Athyglisverðir runnar. *Garðyrkjuritið* 65, 17-25

Viereck, L.A. og Little, E.L., Jr. (2007). *Alaska Trees and Shrubs.* (2. útgáfa). Snowy Owl Books, Fairbanks.

Vike, E. (2006). *Kartlegging og beskrivelse av grøntanleggsplanter med nordisk opphav. Norske utvalg og foredlinger av busker og træer.* TemaNord 2006: 573.

Webb, D.A. (1993). Philadelphus L. Í: Tutin, T.G., Burges, N.A., Chater, A.O., Edmondson, J.R., Heywood, V.H., Moore, D.M., Valentine, D.H., Walters, S.M and Webb, D.A. (ritstjórar), *Flora Europaea*. Vol. 1, Psilotaceae to Platanaceae, (2. útgáfa). Cambridge University Press, England, 460-460.

World Checklist of Selected Plant Families, í endurskoðun, skoðað 02.02.2012 á http://www.theplantlist.org.

Wright D. (1980). Philadelphus. *Plantsman* 2, 104–116.

Yndisgróður. Garð- og landslagsplöntur fyrir íslenskar aðstæður. http://yndisgrodur.lbhi.is/

Ljósmyndir: Samson Bjarnar Haðarson.